



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 23. OKTÓBER 2024 // 40. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

Ásmundi boðin sæti hjá öðrum framboðum

„Ég er drullu svekktur,“ segir Ásmundur Friðriksson, þingmaður, eftir að honum var hafnað á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar. Ásmundur sóttist eftir þriðja sæti á lista flokksins, eins og Birgir Þórarinnsson.



„Við klúðruðum þessu sjálfir,“ segir Ásmundur og vísar til sjálfstæðismanna á Suðurnesjum og baráttu þeirra fyrir sætum á framboðslistanum. Suðurnesjamennt eiga nú Vilhjálm Árnason í öðru sæti og næstur er Guðbergur Reynisson í sjötta sæti. „Það var ekki hlustað á varnaðarorð okkar,“ segir hann.

Eftir að ljóst var að Ásmundi hafði verið hafnað af Sjálfstæðisflokknunum í Suðurlkjördæmi hefur verið leitað til hans frá öðrum framboðum. Heimildir Víkurfréttanna herma að bæði Miðflokkurinn og Flokkur fólksins hafi leitað til Ásmundar.

„Mér var boðið öruggt sæti og ég þakka fyrir það. Ég sé mér hins vegar ekki fært að yfirgefa Sjálfstæðisflokkin laskaðan á þessum tímamótum,“ segir Ásmundur. Hann segist ekki vera sestur í helgan stein. Hann sé fullur af starfsorku og ætli sér út á vinnu- markaðinn eftir þingsetuna.

Suðurnesjamönnum fækkar á þingi

Ljóst er að Suðurnesjamönnum fækkar á þingi. Oddný Harðardóttir hefur ákveðið að hætta hjá Samfylkingu. Tvö efstu sætin þar nú eru ekki skipuð Suðurnesjamönnum. Búið er að fastsetja fyrstu tvö sætin hjá Framsókn án Suðurnesjafólks en Jóhann Friðrik Friðriksson var áður í öðru sæti þar. Nokkuð öruggt er talið að Guðbrandur Einarsson skipi efsta sæti Viðreisnar í kjördæminu og sé því eini Suðurnesjamaðurinn sem skipar oddvitasæti flokks í kjördæminu. Þá hefur Hólmfríður Árnadóttir verið orðuð við oddvitasæti hjá Vinstri grænum en VG náði ekki inn manni síðast og er langt frá því núna miðað við skoðanakannanir.



Sólin rís í Grindavík

Grindavík var opnuð upp á gátt snemma á mánudagsmorgun og heimafólk vill meina að nú sé sólin að rísa að nýju í Grindavík eftir að bærinn hefur verið lokaður meira og minna síðan 10. nóvember í fyrra. Myndin var tekin við sólarupprás á þriðjudagsmorgun yfir spegilsléttu höfnina í Grindavík. Nýjasta skipið í Grindavíkurflotanum, Hulda Björnsdóttir GK-11, er þarna bundin við bryggju og verið er að gera skipið klárt á veiðar. VF/Sigurbjörn Daði

Gestastofa við Reykjanesvita opnar á Safnahelgi

„Þetta eru mjög ánægjuleg tímamót. Það hefur lengi verið beðið eftir opnun gestastofu við Reykjanesvita og ljóst að þetta mun breyta miklu í þjónustu við gesti og ferðamenn á Reykjanesi sem nú geta nýtt salernisaðstöðu sem er alltaf opin og fengið sér kaffiveitingar í mögnuðum umhverfi,“ sagði Árni Sigfússon, verkefnastjóri hjá Bláa Lóninu og stjórnarmaður í Þjónustumiðstöðinni Reykjanes.

Þjónustuhús eða gestastofa hefur verið í umræðunni og á teikni- borðinu síðustu ár en lengi hefur vantað upp á að geta sinnt gestum og ferðamönnum sem koma út á Reykjanes. Árni sagði í ræðu sinni við opnun Safnahelgar á Suðurnesjum sem var í nýja gestahúsinu að Grímur Sæmundsen og Bláa Lónið hafi tekið málið að sér fyrir

nokkru síðan, ekki síst sem samfélagslegt verkefni og stuðning til ferðaþjónustunnar og lagt til fjármagn til að laga íbúðarhúsið með byggingu gestastofu sem nú hefur verið opnuð.

„Við munum hafa opið í vetur, kannski ekki á hverjum degi en það

mun koma í ljós. Alla vega verður kominn ársopnunartími frá og með næsta vori,“ sagði Árni.

Í gestastofunni er sýning um sögu vitanna og vitavardanna á Reykjanesi en í næsta húsi, gamla vélahúsinu, er glæsileg sýning um sögu sjóslysa á Íslandi sem voru

mörg við Reykjanesið og suðvesturströnd landsins á síðustu öld.


Víkurfréttir munu gera gestahúsinu, sýningunum á Reykjanesi og Safnahelgi á Suðurnesjum betri skil í Suðurnesjamagasíni og á vf.is í vikunni.



Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, setti formlega Safnahelgi á Suðurnesjum 2024. VF/Páll Ketilsson



24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Ertu jólasveinn eða hákarl? Sendendur veltu fyrir sér hver myndi finna skeytið þeirra.

Flöskuskeyti fannst á Garðskaga með spurningu um jólasvein og hákarl

Flöskuskeyti frá sem kastað var í hafið laugardaginn 28. nóvember 2020 af tveimur sex ára strákum er fundið. Samkvæmt skeytinu voru þeir að senda frá sér sitt fyrsta flöskuskeyti. Þeir taka fram að þeir séu frá Suðurnesjum en ekki er tekið fram hvar flöskuskeytinu var kastað í sjóinn.

„Takk fyrir að finna flöskuna okkar,“ stendur skrifað með rauðu lettri í eitt bréfið sem var í flöskunni, hálfslitna plastflösku undan Toppi. Svo var annað bréf með teikningum og þar var kastað fram spurningum. Kannski ertu fiskur,

jólasveinn, hákarl, bátur, stelpa eða strákur?

Finnandi flöskuskeytisins er strákur sem reyndar fagnaði 76 ára afmæli í vikunni en fann flöskuskeytið á Garðskaga á sunnudag. Þar var hann að þrifa upp rusl sem skolaði á land í stórstraumsflóðinu um helgina.

Strákarnir sem sendu flöskuskeytið voru sex ára þegar það var sent og eru því væntanlega tíu ára í dag. Þeir eða forráðamenn þeirra geta haft samband við Víkurfréttir. Það væri gaman að geta sagt frá því hvar skeytið var sett í sjóinn og fá mynd af strákonum.



Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

Pantið flutning á cargoflutningar.is

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis opnuð

Suðurlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Suðurnesjum, opnaði í byrjun vikunnar. Miðstöðin er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS), lögreglustjórans á Suðurnesjum, Kvinnaráðgjafarinnar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og WOMEN á Íslandi. Hjá Suðurlíð verður boðið upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, átján ára og eldri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu mismunandi stofnana og samtaka sem koma að vinnu með þolendum á Suðurnesjum. Þjónustunotendum Suðurlíðar er mætt með hlýlegu og öruggu umhverfi, á þeirra forsendum og þeim að kostnaðarlausu.

Suðurlíð er systurmiðstöð Bjarkarhlíðar í Reykjavík, Bjarmahlíðar á Akureyri og Sigurhæða á Selfossi sem bjóða upp á sambærilega þjónustu.



Suðurlíð er afurð verkefnisins Öruggeri Suðurnes sem varð formlega til í nóvember 2023 þegar eftirtaldir aðilar undirrituðu samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á svæðinu; Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Sveitarfélagið

Vogar, Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS), HSS, Heilsugæslan Höfða, Keilir, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, og sýslumaðurinn á Suðurnesjum.

Opnunarhátíð Suðurlíðar var haldin fimmtudaginn 17. október sl. á Marriott.



Framkvæmdir við Grindavíkurhöfn sem iðar af lífi

„Haustin hafa venjulega verið róleg við Grindavíkurhöfn, það er ekki mikill munur núna eða í fyrra og ég hef fulla trú á að allt verði komið á fullt eftir áramót,“ segir Sigurður Kristmundsson, hafnarstjóri í Grindavík en framkvæmdir standa yfir við vigtina. Segja má að höfnin sé farin að íða af lífi en nokkrar landanir voru í Grindavík á mánudagsmorgun. Vísir hf er nánast komið á fulla afkastagetu og svo mátti sjá rútu með ferðamönnum en Grindavík opnaði fyrir almenning á mánudagsmorgun.

Verið er að byggja dælustöð fyrir nýja fráveitukerfið í Grindavík en stöðin mun líka nýtast við höfnina ef eða þegar flæðir yfir bakkana í kjölfar jarðhræringanna.

„Dælustöðin mun nýtast ef við þurfum að dæla sjó af bryggjunni ef eða þegar flæðir yfir bakkana. Það er viðbúið að það muni gerast eftir að bryggjan seig og erum við vel í stakk búnir að takast á við það. Vegagerðin hefur fjárfest í flóðvarnargirðingum svo við erum við öllu búnir. Það var gaman að mæta til vinnu á mánudagsmorgun eftir að bærinn var búinn að opna, þar sem haustin hafa verið tiltölulega róleg við Grinda-



víkurhöfn undanfarin ár er ekki allur munurinn þá og nú. Jóhanna Gísla og Sturla lönduðu á mánudagsmorgun en flestir smábátarnir eru fyrir norðan og austan en svo koma þeir alltaf heim um miðjan desember og róa héðan strax í janúar svo ég á ekki von á neinu öðru en sama líf verði við höfnina á nýju ári og hefur verið undanfarin ár. Vísir hf er nánast komið á full afköst, Einhamar sömuleiðis og ég vona að Stakkavík muni hefja vinnslu í Mölvík á nýju ári, það á eftir að koma í ljós. Nú er bara að vona að náttúran gefi Grindavík gríð og við getum hafið uppbyggingu bæjarins, það er bara ástæða til bjartsýni vil ég meina,“ sagði Sigurður.

Pétur Pálsson er framkvæmdastjóri Vísis hf í Grindavík, hann hefur trú á að bjartari tímar séu framundan í Grindavík.

„Við erum nánast komnir á full afköst en langmest af okkar starfsfólki býr utan Grindavíkur og þarf því að keyra til og frá vinnu. Ég spyr mig hvort sé öruggara, að búa og gista í Grindavík, eða keyra fimm sinnum í viku til og frá Grindavík yfir veturinn. Það er búið að gera fullt af góðum hlutum í Grindavík en það hafa líka verið gerð mistök, t.d. varðandi skil Grindvíkinga á húseign sinni til Þórkötlu. Að láta Grindvíkinga tæma og klippa þannig á naflastrenginn við heimilið og þar með bæinn voru mistök og því fyrr sem aðilar viðurkenna þau og reyna að gera eitthvað til að bæta fyrir þau, því betra. Það verður fróðlegt að sjá hvernig hollvínasamningur Þórkötlu mun líta út og vonandi kemur forsvarsfólk félagsins til móts við óskir Grindvíkinga og bjóða eitthvað sem gerir aðlaðandi fyrir fólk að koma til baka. Ég veit að allt þetta fólk hjá Þórkötlu var og hefur verið að gera sitt besta, þau höfðu ekki við neitt að styðjast þegar ákvarðanir voru teknar en allir hljóta að geta séð að mistök voru gerð.

Annars er ég ég er bjartsýnn á framtíð Grindavíkur, að því gefnu að þróun jarðhræringanna verði okkur hagstæð,“ sagði Pétur að lokum.



Starfsfólk Vísis býr langmests utan Grindavíkur. VF/sdd.

HAUSTFUNDUR 2024

Virkjum til velsældar



Hótel Selfoss



Miðvikudaginn 30. okt.



13–15

Dagskrá

Góður granni, gulli betri

Jóna Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri
Samfélags og umhverfis

Orka fyrir ferðapjónustuna

Guðmundur Finnbogason
verkefnisstjóri hjá
Nærsamfélagi og náttúru

Sófaspjall um ávinning nærsamfélaga af orkuvinnslu og orkutengda nýsköpun

Ávarp ráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Látum verkin tala: Virkjunarverkefni næstu ára

Ásbjörg Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri Framkvæmda

Pallborðsumræður um umgjörð grænnar orkuvinnslu og verkefnin fram undan

Fundarstjóri er Úlfar Linnet,
forstöðumaður Orkumiðlunar
hjá Landsvirkjun

Suðurnesjabær taki virkan þátt í orkuskiptum

B-listi Framsóknarflokks í Suðurnesjabæ vill leggja áherslu á mikilvægi þess að Suðurnesjabær taki virkan þátt í orkuskiptum og styðji við aukna notkun rafbíla með því að bæta aðgengi að rafhleðslustöðvum í sveitarfélaginu. Þetta kemur fram í bókun listans á síðasta fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar.

„Það er nauðsynlegt að bregðast við vaxandi eftirspurn eftir rafhleðsluinnviðum til að auðvelda íbúum og gestum að velja umhverfisvænar lausnir. Með því að fjölga rafhleðslustöðvum, vinna með sérfræðingum og taka afstöðu til rekstrar- og kostnaðarmála, getum við stuðlað að sjálfbærni og stuðlað að betra umhverfi til framtíðar,“ segir jafnframt í bókuninni.

Afgreiðsla framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar er að ráðið samþykkir að hafin verði vinna samkvæmt tillögum sem fram koma í minnisblaði deildarstjóra umhverfismála ásamt að hugað verði að þessum þáttum í fjárhagsáætlun á næstu árum.



Garðskagi, útvörður Suðurnesjabæjar.

Meira samráð við starfsmenn og kjörna fulltrúa

Í fjárhagsáætlunargerð Suðurnesjabæjar leggur ungmennaráð bæjarins áherslu á að fá að hafa skoðanir á mállefnum sem snúa að börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þetta kemur fram í síðustu fundargerð ráðsins frá fundi þess 4. október sl.

Ráðið vill eiga meira samráð við starfsmenn og kjörna fulltrúa í áætlunargerðinni þannig að þeirra rödd hafi vægi og áhrif eins kemur fram í erindisbréfi þess.

Ungmennaráð vill að erindisbréf ráðsins verði endurskoðað og leggur áherslu á að fá að vera áheyrnarfulltrúar í fastanefndum í Suðurnesjabæ ásamt öðrum breytingum. Í núverandi erindisbréfi finnst ráðinu þau ekki hafa tækifæri til að koma sjónarmiðum barna og ungmenna í Suðurnesjabæ á framfæri. Í fundargerð frá síðasta fundi ráðsins segir að íþrótt- og tómstundafulltrúi mun vinna nýtt bréf og leggja fyrir tillögu að erindisbréfi við ungmennaráð og íþrótt- og tómstundaráð Suðurnesjabæjar.



Séð yfir hluta þess svæðis þar sem ráðið verður í mikla uppbyggingu á næstu misserum.

VF/Hilmar Bragi

MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

■ Tímamótasamkomulag um uppbyggingu á Ásbrú

Byggðar verði 800 íbúðir á Ásbrú auk samfélagslegra innviða

Samningur milli Kadeco, Reykjanesbæjar og ríkisins um uppbyggingu á Ásbrú var undirritaður í síðustu viku. Samningurinn felur meðal annars í sér að byggðar verði 800 íbúðir á Ásbrú auk uppbyggingar samfélagslegra innviða, almenningsrýmis og nýrra bygginga undir þjónustu fyrir íbúa.

Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Suðurnesjum hefur aukist mikið og aðstæður á Ásbrú gera það að verkum að þar er hægt að byggja hraðar upp sjálfbært íbúðahverfi en víða annars staðar. Á Ásbrú er fjölbreytt samfélag sem mun styrkjast enn frekar með uppbyggingu nýrra íbúða og innviða. Markmið samningsins er meðal annars að mæta aukinni eftirspurn eftir húsnæði, skapa fyrirsjáanleika og að hefja skipulega þéttingu og þróun byggðar á Ásbrú. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Samkomulagið var undirritað í Andrews Theater á Ásbrú af Sigurði Inga Jóhannssyni fjármálaráðherra, Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur, formanni bæjarráðs og starfandi bæjarstjóra í Reykjanesbæ, og Pálma Frey Randverssyni, framkvæmdastjóra Kadeco.

„Við ætlum að hraða uppbyggingu og mæta húsnæðisskortri á íbúðamarkaði. Uppbygging á Ásbrú er bæði spennandi og þarft verkefni og það er mikið fagnaðar efni að við höfum skrifað undir samkomulag um næstu skref. Á svæðinu er allt til staðar sem íbúðahverfi þarf til að þar haldi áfram að byggjast upp blómleg byggð og með þessari uppbyggingu verður hægt að leggja meira í samfélagslega innviði. Með því að nýta núverandi innviði svæðisins getum við hraðað framkvæmdum og komið til móts við íbúðaskort sem er ákjósanlegt fyrir alla aðila,“ segir Pálmi Frey Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco.

„Við fögnum þeim samningi sem var undirritaður hér í dag en hann markar tímamót í þróun Ásbrúarhverfisins til framtíðar. Við höfum lagt áherslu á mikilvægi samvinnu ríkisins og sveitarfélagsins þegar



Samkomulagið var undirritað í Andrews Theater á Ásbrú af Sigurði Inga Jóhannssyni fjármálaráðherra, Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur, formanni bæjarráðs og starfandi bæjarstjóra í Reykjanesbæ, og Pálma Frey Randverssyni, framkvæmdastjóra Kadeco.

mótuð er sameiginleg framtíðarsýn fyrir hverfið og hér erum við formlega lögð af stað í þá vegferð. Á Ásbrú eru gríðarleg tækifæri og við hlökkum mikið til að sjá hverfið halda áfram að vaxa og blómstra,“ segir Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, formaður bæjarráðs og starfandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Samningurinn nú kemur í kjölfar vel heppnaðs útboðs á 150 íbúða uppbyggingu á svokölluðum Suðurbrautarreit á Ásbrú en þar verður byggt lágrest, gönguvænt og barnvænt hverfi í hjarta Ásbrúar.

Um Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, hefur það meginmarkmið að leiða samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll.

Kjördæmisráðsfundur

Samfylkingin í Suðurbjörðdæmi boðar kjördæmisráðsfund fimmtudag 24. október í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka kl 20:00.

Dagskrá:

1. Tillaga uppstillingarnefndar um framboðslista Samfylkingarinnar í Suðurbjörðdæmi lögð fram til afgreiðslu.
2. Undirbúningur kosninga.

Efstu frambjóðendur mæta á fundinn.

Félagsfólki gefst líka færi á að sækja fundinn gegnum zoom.

Stjórn Samfylkingarinnar í Suðurbjörðdæmi.



Samfylkingin

Bókið auglýsingapláss tímanlega hjá andrea@vf.is



Toyota
Reykjanesbæ

LAND CRUISER 250

STÆRSTA TOYOTA SÝNING ÁRSINS!
LAUGARDAGINN 26. OKTÓBER KL. 12:00–16:00

Komdu og upplifðu Land Cruiser 250 hjá Toyota Reykjanesbæ. Söluráðgjafar taka vel á móti þér og stemningin verður engu lík.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.

Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 420 6600



UMHVERFISVERGLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



A P O R A N P O A V K K A Ö S
 T S K L Ó F R A Ð O T S Ð A Æ
 R I S I K I N N I S R A F Æ N
 A É T N N E M G N I Þ N I Ð G
 N A L L S U A L D N A Í N A U
 R N E R U K K E R H T T N R R
 U G G S A U S F E H S A S É V
 F Ö G A N I T L M I S T L P E
 Ú P S T M Ý G R E T E Ó U T R
 D A Æ Ý S I Ó I Æ I L A R Ú S
 R Ð T Ú N T S N E K K S R Æ P
 A U A B E I É G E T T U I S Ö
 T A U T A R N E A B B I R T J
 S D R Ú S R U G E L I T Æ A K
 Á I T E R B R U D N E K S L E

SAFNAHELGIN
 SÝNING
 FARSI
 ELSKENDUR
 ÞINGMENN
 LEIKUR
 AÐSTOÐARFÓLK
 ÝMIS
 DAUÐAÞÖGN
 SÆRIR

ÁSTARDÚFURNAR
 SÆNGURVER
 TAUTAR
 AÐFINNLSUR
 OPNAR
 HREKKUR
 KAUP
 GEGNIR
 BRETI
 ANDLAUS

Gangi þér vel!

Allir á svið í Frumleikhúsinu!

Leikfélag Keflavíkur frumsýnir á föstudaginn farsann Allir á svið, í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Leikstjóri sýningarinnar er Rúnar Guðbrandsson sem hefur áratuga reynslu í leiklist.

Farsinn *Allir á svið* er oft kallaður Drottning farsana enda er hér um að ræða sprenglægt verk sem hefur slegið í gegn hvar sem það hefur verið sett upp. Sýningin fjallar um leikhóp sem er að setja upp leiksýningu sem heitir Nakin á svið. Fyrir hlé fá áhorfendur að fylgjast með generalprufu sýningarinnar, síðustu æfingu fyrir frumsýningu. Við fylgjum leikhópnum svo í sýningarferð um allt landið og fylgjumst með sýningum á Akureyri og Vík í Mýrdal. Áhorfendur fá annað sjónarhorn eftir hlé og fylgjast þá með því sem gerist baksviðs meðan á sýningunni stendur. Skemmtileg tilbreyting fyrir áhorfendur að fá smjörþefinn af því hvernig leikhúslífið virkar á bakvið tjöldin. Farsinn *Allir á svið* er bráðskemmti-



legur farsa þar sem allt fer úrskaidis, bæði á sviðinu og utan þess. Leikarar sýningarinnar eru sumir að stíga sín fyrstu skref með Leikfélagi Keflavíkur en það eru einnig vanir leikarar á sviðinu og jafnvel einhverjir að koma til baka eftir margra ára fjarveru. Það sem er stórmerkilegt við þessa uppfærslu leikfélagsins er að í fyrsta skipti eru tveir leikarar að deila með sér einu hlutverki. Þetta er jafnframt ein stærsta og flottasta en jafnframt flóknasta leikmynd sem Leikfélag Keflavíkur hefur smíðað fyrir leiksýningu en þið þurfið bara að mæta ef þið viljið sjá hana.

Styðjum við menningu á Suðurnesjum og mætum í Frumleikhúsið. *Míðasala á Tix.is*

Caterpillar-tónleikar Katrínar GK

Í síðasta pistli skrifaði ég um Huldu Björnsdóttir GK en togarinn kom til Grindavíkur í síðustu viku. Ég fór ásamt konu minni og kíkta á togarann. Glæsilegt skip en hvað verður um togarann? Því núna er búið að skipta Þorbirni hf. upp í þrjá hluta og hver hlutur tekur sitt skip; Sturlu GK, Tómas Þorvaldsson GK og Hrafn Sveinbjarnarsson GK.

Fyrst ég er að tala um togaranna þá er best að líta á þá. Hrafn Sveinbjarnarsson GK kom með 849 tonn til Grindavíkur og var aflinn mjög blandaður, mest af ufsa, 307 tonn og þorski, 289 tonn.

Jóhanna Gísladóttir GK er komin með 279 tonn í þremur tórum, landað í Hafnarfirði og á Djúpavogi. Sturla GK með 262 tonn í fimm tórum, landað í Grindavík og Hornafirði. Áskell ÞH með 165 tonn í tveimur og Vörður ÞH með 149 tonn í tveimur, báðir að landa í Hafnarfirði.

Sóley Sigurjóns GK er hætt á rækjuveiðum og komin á togveiðar. Er komin með 274 tonn í þremur tórum, mest 142 tonn, landar á Siglufirði. Pálína Þórunn GK með 107 tonn í þremur, landað á Siglufirði og Hafnarfirði.

Annars er október búinn að vera nokkuð góður og meira að segja færabátarnir hafa náð að fara nokkuð oft út enda veður með eindæmum gott núna. Þeir færabátar sem hafa verið í Röstinni að veiðum hafa verið að kroppa þetta frá 300 til 1,3 tonn í róðri en þeir bátar sem hafa farið utar hafa hitt ansi vel á ufsann og hafa tveir bátar verið þar. Séra Árni GK sem



er komin með 8.6 tonn í fjórum róðrum, mest 3,8 tonn og Dóra Sæm HF sem er komin með 9.9 tonn í fimm róðrum, mest 4 tonn í einni löndun. Hjá þessum bátum þá er ufsi hjá Dóru Sæm HF 7.8 tonn, og hjá Séra Árna GK er ufsi 8 tonn.

Aðrir færabátar eru t.d Guðrún GK sem er með 4 tonn í sjö róðrum. Dímon GK með 2 tonn í fimm róðrum og Snorri GK með 2 tonn í fimm.

Stakkavík ehf er komið með svo til allan bátafloata sinn til Skagastrandar, nema Guðbjörgu GK sem er nýjasti báturinn þeirra en stutt er í að báturinn fari til veiða. Síðast fór Katrín GK til Skagastrandar en báturinn hafði legið í Sandgerðishöfn síðan í apríl. Í raun þá er Katrín GK einungis búin að landa í eitt skipt allt þetta ár, það var í apríl. Reyndar er báturinn skráður í eigu Blakknes ehf en það fyrirtæki á líka bátinn Huldu GK sem áður

AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



hét Dúddi Gísla GK. Katrín GK er nokkuð hávær bátur og á góðviðrisdegi þá heyrir um alla Sandgerði þegar að báturinn kemur til hafnar, enda ansi flott vélarhljóðið í bátinum. Fyrir nokkrum árum síðan bjó ég til myndband af Katrínu GK koma til hafnar í Sandgerði og heldur betur sem að vélarhljóðið fékk að njóta sín þar.

Þið getið fundið þetta myndband ef þið farið inn á Youtube-rásina mína, sem heitir Gisli R Iceland. Myndbandið heitir Katrín GK í okt.2020 í Sandgerði.

Í Katrínu er Caterpillar vél frá árinu 1988, 218 hestöfl og það heyrir ansi vel í henni, þeir á Skagaströnd fá að njóta hljóðsins í bátinum þegar hann kemur þar inn.

SUÐURNESJA
VF **magasín**
 Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is
 Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir
BÍLAR & PARTAR
 Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu
 Ópið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á
vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA
 Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu
HEYRN.IS
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is

Átt þú pantað pláss fyrir kosningar?
 x Fimm blöð Víkurfrétta fram að alþingiskosningum
 x Fjölbreyttir möguleikar á vf.is og kylfingur.is
 x Suðurnesjamagasín vikulega í Sjónvarpi Víkurfrétta
Bókið auglýsingapláss tímanlega hjá andrea@vf.is

Enn betri kjör með appinu!



Ef þú notar appið þegar þú kaupir vörur á tilboði með rauðum stimpli færðu 10% aukaafslátt í formi inneignar.

Skoðaðu girnilegar mexíkóskar uppskriftir á netto.is!

Tilboð gilda 24.–27. október

nettó

15% afsláttur

Nautgripa-hakk, 4x250 g
1.913 kr/pk
2.250 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

KJÖTSEL

26% afsláttur

Steiktir grísastrimlar
1.997 kr/kg
2.699 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

EAT ME

20% afsláttur

Grænmeti og ávextir í mexíkósku réttina

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

BARION

20% afsláttur

Humar með stökkum hjúp, 420 g
1.516 kr/pk
1.895 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

BARION

20% afsláttur

Maíssalsa
719 kr/pk
899 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Santa Maria

20% afsláttur

Vefjur frá Santa Maria

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Heilsuvara vikunnar

20% afsláttur

Guacamole, 150 g
351 kr/pk
439 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Ert þú meðal þeirra 80.000 appnotenda sem fá lægsta verðið í Nettó með appinu?



Afsláttur í formi inneignar í appinu!

nettó

Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

„Skemmtilegasta sem við gerum“

■ Tveir krakkar úr Reykjanesbæ í stóru hlutverki í Stundinni okkar í Sjónum

„Að leika er það skemmtilegasta sem við gerum, við vitum bæði hvað við ætlum að verða þegar við verðum orðin stór,“ segja þau Guðlaugur Sturla Olsen og Sóllilja Arnarsdóttir, leikarar en þau eru í stórum hlutverkum í „TÖKUM Á LOFT,“ sem er nýjasta viðbótin við vinsælasta barnasjónvarpsþátt í sögu íslensks sjónvarps, Stundin okkar. Gulli sem er þrettán ára og Sóllilja níu ára, leika Mána og Aróru en TÖKUM Á LOFT fjallar um Loft sem hefur sviðið um loftin blá frá örófi alda án þess að lenda á jörðinni. Loft kynnist ævintýralegru tilvist mannsbarna í gegnum sjónaukann sinn sem heitir Sjón.

Ung með leikreynslu

Gulli og Sóllilja hafa talsverða leikreynslu þrátt fyrir ungan aldur, hafa verið í Danskompání í Reykjanesbæ og eru ríkjandi heimsmeistarar í dansi.

„Ég byrjaði að leika í fyrra þegar ég var átta ára gömul, var þá að leika í Jólásögu í Frumleikhúsinu. Svo hef ég leikið í Sögum og Krakkaskaupinu, þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Mér finnst rosalega gaman að fara í tökum á TÖKUM Á LOFT. Ég er líka í dansi og er því að gera það sem mér þykir skemmtilegast, að leika og dansa,“ segir Sóllilja.



Þar sem Gulli er fjórum árum eldri hefur hann aðeins meiri reynslu.

„Ég byrjaði í Þjóðleikhúsinu árið 2022, var með hlutverk í Draumabjófnum og tók svo þátt í sjónvarpsþætti í sjónvarpi Símans, Bestu lög barnanna, var einmitt að taka þátt í tónleikum í Hörpu fyrir tveimur vikum þar sem lög úr þáttunum voru flutt. Ég var með Sóllilju í Sögum og Krakkaskaupinu, og var líka í Jólástundinni okkar. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt, frábær félagsskapur og allir eru góðir við okkur, þetta er líka frábær reynsla,“ segir Gulli.

Hollywood draumurinn

Krakkarnir eru í skóla og þurfa stundum að fá frí til að sinna leiklistagjöfjunni. Þau vita bæði hvert þau stefna.

„Tökur hófust í sumar en hafa síðan verið í gangi undanfarið og er alls ekki lokið, þess vegna þurfum við stundum að fá frí í skóla, okkur leiðist það ekki. Það er búið að taka upp fjórtán þætti af 20 í þessari seríu og vonandi verður framhald á. Ég yrði mjög ánægður með það en ég veit nákvæmlega hvað ég ætla



að verða þegar ég verð orðinn stór, leikari og auðvitað er Hollywood draumurinn,“ sagði Gulli.

Skrýtið að vera á skjánum



Sóllilju finnst þínu skrytið að mæta í skólann á mánudögum, degi eftir að Stundin okkar er búin að vera í sjónvarpinu.

„Krakkarnir koma að manni og segjast hafa séð mig í sjónvarpinu, það er þínu skrytið en venst alveg. Mér finnst þetta svo gaman og ætla sko að verða leikkona þegar ég verð stór, reyndar er ég orðin leikkona,“ sagði Sóllilja.

Þáttaröðin er tekin upp í nýju sýndarmyndveru RÚV en þetta er fyrsta þáttaserían af Stundinni okkar þar sem notast er við þessa tækni. Hún gerir kleift að stækka heiminn og sögusviðið enn frekar. Stundin okkar er elsti sjónvarpsþáttur landsins, en fyrsti þátturinn var sendur út á aðfangadag 1966. Nú hefst því 58. starfsárið. 26 umsjónarmenn hafa verið frá upphafi og sýndar 116 þáttaraðir.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



25. – 27. október

SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM

safnahelgi.is

VÍS

Velkomin í vöflukaffi

Við elskum að fá heimsóknir og þess vegna bjóðum við í vöflukaffi
föstudaginn 25. október kl. 13–15.
Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöflur.

Hlökkum til að sjá ykkur!



VÍS Reykjanesbæ, Hafnargata 57



Gunnar Axel bærarstjóri í Vogum hefur óskað eftir lausn frá störfum

Stígur til hliðar og setur heilsuna í fyrsta sætið



Gunnar Axel Axelsson hefur látið af störfum sem bærarstjóri í Sveitarfélaginu Vogum. Á fundi bæjarráðs sem haldinn var á föstudag var tekið fyrir erindi frá Gunnari Axel þar sem hann óskaði eftir lausn frá störfum sem bærarstjóri. Í kjölfar fundarins var haldin kveðjuathöfn með bærarstjórninni þar sem hann færði sveitarfélaginu kveðjugjöf í tilfni af starfslokum sínum.

Undanfarið misseri hefur Gunnar Axel glímt við langtímaafleiðingar Covid-19 og tilheyrir vaxandi hópi fólks sem hefur barist við heilsuleysi í kjölfar heimsfaraldursins. Hann hefur verið í veikindaleyfi að undanförmu en stefndi að því að koma aftur til fullra starfa um síðustu mánaðamót.

„Þrátt fyrir að hafa verið í veikindaleyfi undanfarið hef ég eftir fremsta megni reynt að sinna mikilvægum verkefnum fyrir sveitarfélagið og verið til taks á hliðarlínunni ef á hefur þurft að halda. Það hef ég gert ekki síst í þeim tilgangi að reyna að létta undir með samstarfsfólki mínu sem hefur eðli máls samkvæmt tekið á sig auknar byrðar í tímabundinni fjarveru minni. Ég stefndi að því að koma af fullum krafti aftur til starfa með haustinu en það hefur því miður ekki gengið eftir. Ég hef því ákveðið að setja heilsuna í fyrsta sætið og fylgja fyrirmælum lækna sem leggja áherslu á að ætli ég að ná fullum bata á ný verði ég að setja það verkefni í algjöran forgang.“

Í ljósi framangreinds var það niðurstaða mín að það væri hvorki mér né sveitarfélaginu í hag að halda áfram á sömu braut, þ.e. að ég væri áfram í veikindaleyfi með allri þeirri óvissu sem því fylgir fyrir alla hlutadeigandi. Tel ég það mikilvægara fyrir sveitarfélagið, fyrir samstarfsfólk mitt og bæjarbúa að það sé starfandi bærarstjóri í sveitarfélaginu og að allri óvissu um hvort og þá hvenær ég muni geta snúið aftur til starfa verði eytt. Þess vegna óskaði ég eftir lausn frá störfum.“

Kafbátameðferðin er að skila sér í bættri heilsu

Fyrir rúmum tveimur vikum hófst nýr kafli í bataferli Gunnars þegar hann hóf háþrýstisúrefnismeðferð á Landspítalanum. Þó ekki sé hægt að segja strax til um árangurinn af meðferðinni segist Gunnar Axel nú þegar finna fyrir jákvæðum áhrifum af henni.

„Ég er mjög þakklátur starfsfólki Landspítalans og þá sérstaklega því frábæra teymi sérfræðilækna og annars heilbrigðisstarfsfólks sem hefur umsjón með starfi háþrýstideildarinnar. Þessi meðferð er eitthvað sem



Birgir Örn Ólafsson, forseti bærarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, leysti Gunnar Axel út með myndarlegum blómvendi frá bæjaryfirvöldum.

ég vissi ekki að væri til og ég hef bæði í gamni og alvöru sagt að ég sé að fara í kafbátinn þegar ég mæti á Landspítalan á morgnana. Meðferðin fer þannig fram að maður er settur í sérstakan háþrýstiklefa í 90 mínútur í senn og andar að sér hreinu súrefni undir þrýstingi sem jafnast á við að vera á 12-14 metra dýpi. Þessi meðferð hefur hjálpað mjög mörgum og ég er strax byrjaður að finna fyrir auknum styrk og bættri líðan. Ég reikna með að vera áfram í þessari „kafbátameðferð“ næstu vikur en samhliða henni er ég bara að einbeita mér almennt að heilsunni og stefni auðvitað á að ná fyrri styrk“, segir Gunnar Axel.

Segist hann vongóður um framhaldið og þrátt fyrir allt er hann fullur bjartsýni á framtíðina og þó hann taki sér nú hlé frá störfum þá sé hann alls ekki að leggja skóna á hilluna.

Dreymir um að geta byrjað aftur að stunda kajakróður og skiðamennsku af kappi

„Ég lýsti því yfir á sínum tíma að þegar ég yrði fimmtugur ætlaði ég að verða í besta formi lífs míns. Í ljósi þess hve stutt er í þau

tímamót er ekki víst að það markmið náist. En ég hef alls ekki gefið neitt upp á bátinn í þeim efnum og stefni ótrauður á að ná fullri heilsu og koma mér aftur í gott líkamlegt form. Draumur minn er að geta byrjað að stunda sjókaðakróður og skiðamennsku aftur af fullum krafti og að því stefni ég að sjálfsgöðu enn. Eftir næstum tveggja ára pásu frá reglulegri hreyfingu þarf ég hinsvegar að fara varlega af stað. Fyrir mér er það sennilega stærsta áskorunin. Að ganga hægt og rólega er nefnilega ekki alveg minn karakter og um leið og ég finn einhver batamerki þá langar mig strax út að hlaupa eða klífa næsta fjall. Að samstilla hug og líkama hefur því reynst mér ansi flókið verkefni og ég veit að það á við um mjög marga sem eru að glíma við langtímaáhrif af Covid. En það er bara verkefni mitt núna og ég ætla að sinna því af heilum hug svo ég geti verið til staðar fyrir fólki mitt sem hefur alltaf staðið þétt við bakið á mér og ég á allt að þakka“, segir Gunnar Axel.

Ber ávallt hlýjan hug til samfélagsins í Vogum

„Þó svo að ég stigi nú til hliðar mun ég alltaf hugsa hlýlega til samfélagsins í Vogum og óska samstarfsfólki mínu og íbúum alls hins besta í framtíðinni. Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka kjörnum fulltrúum fyrir einstaklega gott og ánægjulegt samstarf. Í bærarstjórn Voga er mjög samstilltur og góður hópur sem hefur unnið vel saman þvert á flokka og þó svo að auðvitað séu flokkarnir með mismunandi áherslur hefur myndast þar góð og breið samstaða milli meirihluta og minnihluta um að vinna saman að meginhagsmunamálum sveitarfélagsins. Það er eitthvað sem er alls ekki sjálfgefið í pólitík en bæjarfulltrúar í Vogum hafa sýnt og sannað að slíkt er hægt ef allir leggja sig fram um að vinna vel saman og einblína á það sem skiptir mestu máli fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Fyrir það samstarf er ég mjög þakklátur og kveð ég bærarstjórnina fullur þakklætis og vona að sú jákvæða menning sem þar ríkir eigi sér langa framtíð.“

Vonar að íbúarnir fái tækifæri til að segja hug sinn varðandi sameiningu

Gunnar vill á þessum tímamótum einnig þakka fyrir einstaklega gott samstarf við nágrannasveitarfélögin og ánægjuleg kynni á þeim vettvangi. Hann hefur átt mjög gott og

náið samstarf við aðra bærarstjóra á svæðinu og auðvitað fjölda annarra einstaklinga sem koma að rekstri samstarfsverkefnanna. Sameining sveitarfélaganna á Suðurnesjum er honum ofarlega í huga.

„Sveitarfélögin á Suðurnesjum eiga í mjög nánun og góðu samstarfi á mörgum sviðum og það gengur almennt mjög vel. Þrátt fyrir þær forðumalauðu áskoranir sem samfélögin á Suðurnesjum hafa staðið frammi fyrir síðustu misseri og ekki sér enn fyrir endan á er samt mikið af jákvæðum hlutum að gerast á svæðinu og hér liggja klárlega mikil tækifæri til framtíðar.“

Ég vona að sameiningarverkefnið sem við settum af stað og ég hef gegnt formennsku í síðustu misseri verði klárað og íbúar á Suðurnesjum fái tækifæri til að taka upplýsta og lýðræðislega ákvörðun um framhaldið í íbúakosningu. Það er þeirra réttur og hver sem niðurstaðan verður þá er það alltaf hina rétta niðurstaða, enda eru það alltaf íbúarnir sem eiga síðasta orðið í slíkri ákvarðanatöku og þeirra niðurstaða er sú sem gildir.

Persónulega er ég ekki í nokkrum vafa um að sameining þessara sveitarfélaga er hið eina rétta og það sé bara tímaspursmál hvenær af henni verður. Markmiðið með sameiningu er að styrkja svæðið í heild, mynda öflugri einingu, auka hagræði í rekstri, draga úr álögum á íbúana og bæta þjónustu við þá. Það er því til mikils að vinna með sameiningu og vonandi ber stórsamfélaginu á Suðurnesjum gæfa til að ljúka við það verkefni á farsælan hátt, íbúum svæðisins öllum til heilla.“

Óvíst hvað tekur við

Aðspurður segist Gunnar Axel ekki vita hvað tekur við hjá honum en eins og er þá ætlar hann að gefa heilsunni og fjölskyldu sinni algjöran forgang. „Ég hef starfað á sviði sveitarstjórnarmála um langt árabíl og bý að talsverði reynslu og þekkingu á sviði efnahagsmála og opinberra fjármála. Það er því ekki ólíklegt að ég muni taka að mér einhver verkefni tengd sveitarstjórnarmálum þegar þar að kemur en það á allt eftir að koma í ljós. Eftir að hafa kynnst málefnum Suðurnesja og samfélaginu þar þá gæti ég vel hugsað mér að starfa þar í framtíðinni. Suðurnesin eru spennandi svæði og þar býr og starfar mikið af mjög hæfileikaríku og góðu fólki sem ég notið þess að vinna með. Mér finnst samt gaman að takast á við ný verkefni og læra nýja hluti svo það er aldrei að vita hvað ég muni gera í framtíðinni. Suðurnesin munu þó alltaf eiga stað í mínu hjarta“, segir Gunnar Axel, nú fráfarandi bærarstjóri Sveitarfélagsins Voga.

Úr kveðjuhöfi sem haldið var á bæjarskrifstofunum í Vogum síðasta föstudag..



Góðgerðar Fest

Blue Car Rental

Blue Car Rental pakkar eftirtöldum fyrirtækjum fyrir að leggja okkur lið á Góðgerðarfestinu.

Með ykkar aðstoð og aðstoð fjölmargra einstaklinga söfnuðust rúmlega 25 milljónir króna sem hafa runnið í góð og þörf málefni í nærsamfélagi okkar.

Sjáumst að ári!



SPORTHÚSIÐ



olis



Lagnabjónusta Suðurnesja ehf.



Dacoda



BBA // FJELDGO



Aðaltorg



BÍLASALA REYKJANESS



Smári Helgason ehf



JBB Tréverk



STÓRKAUP



samkaup



Kvennakór Suðurnesja tók þátt í alþjóðlegu kóramóti í Grikklandi



Opin æfing miðvikudaginn 23. október

Kvennakór Suðurnesja heldur opna æfingu miðvikudagskvöldið 23. október en kórkonur eru nýkomnar heim frá Grikklandi þar sem kórin tók þátt í alþjóðlegu kóramóti og kórakeppni. Mótið var haldið á vegum Interkultur en það eru samtök sem hafa haldið fjölmörg kóramót og keppnir um allan heim allt frá árinu 1988. Mótið var haldið í Kalamata sem er við Miðjarðarhafsströnd Pelópsskagans og tóku 26 kórar frá 14 þjóðum þátt.

Snemma að morgni miðvikudagsins 9. október sl. héldu kórkonur, 21 talsins ásamt kórstjóranum Dagnýju Þ. Jónsdóttur, Geirþrúði F. Bogadóttur píanóleikara, Haraldí Á. Haraldssyni básúnuleikara og tólf mökum kórkvenna, samtals 36 manns, af stað í ferðalagið. Flugdið var til Aþenu með nokkurra klukkustunda viðkomu í London og síðan tók við þriggja tíma rútuferð frá Aþenu til Kalamata. Þangað kom hópurinn þegar nokkuð var liðið á aðfararnótt fimmtudagsins. Næsta morgun tóku við æfingar og hljóðprufur fram eftir degi og um kvöldið var setningarhátíð mótsins.

Á föstudeginum hófst síðan kórakeppnin. Keppt var í hinum ýmsu flokkum og tók Kvennakór Suðurnesja þátt í tveimur flokkum, annars vegar í flokki P – popp,

djass og gospel tónlist og hins vegar í flokki B2 – almennum flokki kvennakóra. Kórin söng þrjú lög í hvorum flokki, allt íslensk lög. Keppt var í fyrri flokknum síðdegis á föstudeginum en þeim seinni á sunnudagsmorgni. Þrjár dómarrar dæmdu alla flokka og fengu kórnir diplómur en það fór

eftir stigagjöf hvort þeir fengu gull, silfur eða brons. Kvennakór Suðurnesja fékk silfur í báðum flokkum og voru kórkonur mjög sáttar við sína frammistöðu. Einnig fóru fram vinatónleikar víðsvegar um borgina og tók kórin þátt í einum slíkum sem fóru fram á aðalorgi bæjarins á laugardagskvöldinu

ásamt kórum frá Singapore og Kýpur. Þar flutti kórin sex íslensk lög. Síðdegis á sunnudeginum söfnuðust allir kórnir saman í skrúðgöngu um miðbæ Kalamata og um kvöldið var svo haldin verðlaunaafhending og lokahátíð.

Tveir síðustu dagarnir voru nýttir í að skoða þetta fallega svæði, fara á ströndina og borða góðan mat áður en haldið var heim. Heimferðin tók álika langan tíma og ferðalagið út og voru það þreyttir en mjög ánægðir ferðalangar sem lentu á Keflavíkurflugvelli rétt fyrir miðnætti miðvikudaginn 16. október eftir frá-

bæra ferð. Það er bæði gaman og gagnlegt fyrir kórin að taka þátt í móti sem þessu, það voru margir frábærir kórar sem tóku þátt og gaman að sjá fjölbreytnina sem þarna var.

Eftir velheppnaða og skemmtilega ferð til Grikklands taka við æfingar á nýju prógrammi fyrir næstu verkefni. Þar má m.a. finna vinsæl popp- og dægurlög, bæði íslensk og erlend, ný og gömul. Það er ýmislegt framundan hjá kórnum, m.a. vortónleikar í maí 2025 og landsmót íslenskra kvennakóra sem Kvennakór Suðurnesja mun halda í Reykjanesbæ árið 2026, en undirbúningur er þegar hafinn fyrir mótið enda stórt og mjög spennandi verkefni.

Kórin vill endilega fá fleiri konur með í þennan frábæra hóp og gera góðan kór enn betri. Eins og áður sagði verður haldin opin æfing miðvikudagskvöldið 23. október þar sem allar konur sem hafa áhuga á að syngja í kór eru boðnar velkomnar til að kynna sér starf kórsins. Æfingin verður í KK salnum að Vesturbraut 17-19 í Reykjanesbæ og hefst kl. 20.



Sönghópur Suðurnesja syngur vinsæl Suðurnesjalög

Valdimar Guðmundsson og Guðrún Gunnars verða gestasöngvarar. Tónleikar 30. október í Ytri-Njarðvírkirkju

„Við erum að fara að syngja vinsæl Suðurnesjalög eftir Suðurnesjamenn. Það virðist alltaf falla í góðan jarðveg hjá tónleikagæstum,“ segir Magnús Kjartansson, tónlistarmaður og kórstjóri Sönghóps Suðurnesja sem hann hefur stýrt í tvo áratugi.

Sönghópurinn er blandaður kór karla og kvenna og er eini kórin af þremur sem Magnús stýrir ennþá en hann var í mörg ár einnig með flugfreyjukórin og Brokkkórin.

„Sönghópurinn mun syngja lög eftir höfunda frá Suðurnesjum eins og Kristín Rey, Gunnar Þórðarson, Þóri Baldursson og mig. Svo verða gestasöngvarar með okkur, þau Guðrún Gunnarsdóttir og Valdimar okkar Guðmundsson. Þau munu syngja önnur Suðurnesjalög sem flestir þekkja úr spilun í útvarpi og víðar í gegnum tíðina. Við tókum þetta aðeins fyrir á Ljósanótt en nú gerum við enn betur og höfum verið að æfa vel undanfarnar vikur,“ sagði Maggi sem mætir til Reykjanesbæjar einu sinni í viku til að stýra æfingu hjá sönghópnum. Í honum er áhuga-

fólk, margt af því hefur verið lengi í kórnum en hvernig gengur að stýra kór með áhugafólki?

„Það gengur bara ágætlega. Ég hef notið þess að hafa þessa pressu á mér að mæta einu sinni í viku á æskulóðirnar og held þannig tengingunni við minn gamla heimabæ betur.“

Aðspurður hvað hópurinn sé búinn að flytja mörg lög frá upphafi sagðist okkar maður ekki vera viss en alla vega hundrad. „Fjöldi laga er ekki aðalatriðið heldur er þetta líka félagsleg aðgerð. Að koma saman og hittast en svo líka að syngja.“

En hvað er mikilvægt fyrir áhugafólk að gera til að verða gott eða betra í söng?

„Að æfa og æfa sig líka sjálfur,“ segir Maggi sem segir að í næsta

mánuði verði hann svolítið upptekinn með gamla Brunaliðinu sem verður með tónleika í Reykjavík en hann var einn liðsmanna í þeirri þekktu sveit. „Brunaliðið hætti fyrir mörgum áratugum en við gerðum jólaþlöt sem varð mjög vinsæl. Við munum flytja lög af henni en einnig fleiri vinsæl lög með Bruna-

liðinu eins og Ég er á leiðinni - og nú er ég einmitt á leiðinni suður með sjó á æfingu með mínu fólki.“

Tónleikarnir með Sönghópi Suðurnesja verða í Ytri-Njarðvírkirkju í næstu viku, 30. október kl. 20. Miðasala verður við inn-ganginn.





Solla sextug á bleiku skýi

„Ég svif ennþá um á bleiku skýi,“ segir afmælisdrottningin Sólveig Ólafsdóttir frá Grindavík. Solla varð sextug sunnudaginn 20. október og blés af því tilefni til heljarinnar afmælisveislu á veitingastaðnum Bryggjunni í Grindavík og var þetta fyrsti viðburðurinn sem haldinn er þar síðan Grindvíkingar þurftu að rýma bæinn í fyrra.

Solla sem er formaður Kvenfélags Grindavíkur var ánægð með hve margir gátu samglaðst henni á þessum degi.

„Við vorum búin að vera í sambandi við yfirvöld því lokunarpóstarnir voru ennþá í gangi á sunnudaginn. Það gekk allt vel fyrir utan að ekki átti að hleypa hljóðmanninum inn en sem betur fer eru þessir tilgangslausu lokunarpóstar nú hættir og búið að opna bæinn.“

Bæði voru atriði vinkvenna og skyldmenna en svo kom Jógvan Hansen og sló í gegn, ekki bara er hann frábær söngvari heldur er hann líka svo myndinn! Það var mikið stuð allan tímann og endaði dagurinn á því að flestir voru komnir út á dansgólfið, þótt klukkan væri þá um 17. Ég er alveg í skýjunum með hvernig til tókst.“

Solla og eiginmaður hennar, Eiríkur Dagbjartsson, eru ein þeirra Grindvíkinga sem hafa búið í Grindavík og vonar Solla að með opnuninni í Grindavík séu bjartari tímar framundan í bænum.

„Það var löngu orðið tímabært að hætta með þessa lokunarpósta og nú verður fróðlegt að sjá hvernig mál muni þróast. Mér hefur aldrei liðið óöruggri í Grindavík, varnargarðarnir breyta öllu og ef það versta er afstaðið hjá náttúrunni í Grindavík sé ég ekkert því til fyrirstöðu að uppbygging bæjarins hefjist strax.“

Það er nóg í gangi hjá okkur í kvenfélaginu, það hefur verið krefjandi að halda starfinu gangandi, það var 101 kona skráð í félagið í fyrra, fjórar hafa látist á árinu en við erum dreifð í 20 bæjarfélögum út um allt land. Þetta hefur einhvern veginn gengið upp hjá okkur en við hlökkum öllum til að geta hist í Grindavík, það verður vonandi fljótlega,“ sagði Solla að lokum.



Ný herrafataverslun með stærðir XL-8XL

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.stout.is

Frí heimsending ef pantað er yfir 15.000 kr
14 daga skilafrestur ef varana passar ekki



Andy Hettupeysa
Stærðir 2XL-6XL
9.990 kr



North 56 Camo úlpa
Stærðir XL-7XL
32.990 kr



Jeep Stuttermabólur
Stærðir 3XL-5XL
7.990 kr



North Flísvesti
Stærðir XL-8XL
8.990 kr



Jet Gallabuxur
Stærðir 36-50
12.990 kr



Base Flannel Skyrtá
Stærðir XL-7XL
14.990 kr



Stout

Verslun Stout // Holtagarðar, 2.hæð // Reykjavík // sími 581-1552 // www.stout.is

Virkniping Velferðarnets Suðurnesja haldið á dögumum

Kynntu úrræði og virknistarf fyrir fullorðið fólk á Suðurnesjum

Virkniping Velferðarnets Suðurnesja var haldið í Blue-höllinni, íþróttahúsi Keflavíkur, fimmtudaginn 26. september og var margt um manninn.

Tilgangur virknipingins er að kynna úrræði og virknistarf fyrir fullorðið fólk á Suðurnesjum og gera starfið sýnilegt. Markmið virknipingins er að auka félagslega virkni íbúa og þar með lífsgæði

og tækifæri á atvinnumarkaði. Markhópurinn fyrir virkniping er fyrst og fremst fagfólk sem starfar með fólki utan vinnumarkaðar en þingið var jafnframt opið öllum og

voru fjölmargir sem lögðu leið sína í Blue-höllina.

Það var forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, sem setti þingið og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnuáráðgjafi, hélt ávarp en hann hefur stutt dyggilega við bakið á Velferðarneti Suðurnesja á undanförunum árum.



Með sannkallaða virkniveislu

Ásdís Rán Kristjánsdóttir er verkefnastjóri í velferðarþjónustu Reykjanesbæjar.

„Þetta þing var fyrst haldið í Stapanum árið 2022 og ég vona að það verði haldið í það minnsta annað hvert ár hér eftir. Ég vil meina að við séum með sannkallaða virkniveislu hér í gangi í dag þar sem við sýnum fram á hversu flott starf er unnið á öllum Suðurnesjum, bæði hjá frjálsum félagasamtökum, sveitarfélögum og ríkinu. Virknipingið (eða virknin sem hér er kynnt) er fyrir fólk átján ára og eldri sem er utan

vinnumarkaðar og er ekki í skóla en rannsóknir sýna fram á skýr tengsl á milli virkni og vellíðunar. Þetta þing er mest hugsað fyrir fagfólk en er opið öllum.

Ég er ekki með nákvæma tölu um hversu margir á Suðurnesjunum eru óvirkir en við erum því miður nokkuð ofarlega á blaði, atvinnuleysi hefur lengi mælst mest á Suðurnesjum og fólk telur sig oft þurfa að sækja virkni út fyrir Suðurnesin en Virknipingið er okkar leið til að sýna fram á þær fjölmörgu leiðir sem eru í boði hér á Suðurnesjum,“ sagði Ásdís.



Leggjum áherslu á að allir leggist á eitt og hjálpist að

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum var einn hinna 30 aðila sem kynnti starfsemi sína á virknipinginu. Þorvarður Guðmundsson stýrir málum hjá Fjölsmiðjunni.

„Fjölsmiðjan er starfsþjálfunarsætur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára, við reukum bæði nytjamaarkað, reiðhjólaverkstæði og mótuneyti, og sinnun ungu fólki sem hefur lent í óvirkni út af einhverjum orsökum. Krakkarnir koma til okkar í gegnum Vinnuáráðgjafun eða félagsþjónustu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og við tökum þau í vinnuþjálfun sem er mjög fjölbreytt, allt frá því að vinna á reiðhjólaverkstæðinu, sækja vörur sem fólk vill gefa til nytjamaarkaðarinnar, fara yfir vörurnar, við förum yfir öll rafmagnstæki og svo vinna þau í mótuneytinu þar sem við bjóðum upp á morgun- og hádegismat. Við leggjum áherslu á að allir leggist á eitt og hjálpist að, allir ganga í öll störf, þannig



verður vinnan fjölbreytt og krakkarnir finna hvar þeirra styrkleikar liggja. Það er allur gangur á því hversu lengi einstaklingur er hjá okkur, lengst var einn í sex ár en meðaltíminn er á bilinu eitt og

hálf til tvö ár. Við skilum venjulega átta til tíu einstaklingum út á vinnumarkaðinn og út í lífið á hverju ári, fólk sem fer þá af bótum og skilar sínu til samfélagsins,“ sagði Þorvarður.



Forseti Íslands er einn af Riddurum kærleikans

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, mætti á viðburðinn og ávarpaði.

„Mér var ljúft og skylt að mæta hingað í dag og ávarpa þingið, mér finnst þetta vera frábært framtak en við vitum öll hve virkni í samfélaginu er mikilvæg okkar andlegu heilsu. Ég vildi líka minna á hreyfinguna Riddarar kærleikans en andleg heilsa þjóðarinnar er eitthvað sem ég var byrjuð að tala fyrir áður en ég valdist í embætti forseta Íslands. Riddarar kærleikans snúast um að mæta ötta, kvíða og erfiðleikum með meiri kærleik. Ég kallaði ungt fólk og eldra sem lætur sig þetta mál-

efni varða, til samtals á Bessastöðum og út frá því fæddist þessi hreyfing sem við köllum Riddara kærleikans. Ég bind miklar vonir við að munum láta gott af okkur leiða, kærleikurinn er sterkasta vopnið.

Ég er búin að vera í þessu starfi í tæpa tvo mánuði og list mjög vel á og er þakklát fyrir að gegna þessu mikilvæga embætti. Ég held að enginn geti gert sér grein fyrir því fyrirfram hvernig það er að verða forseti, bæði Guðni og Vigdís sögðu mér það en mér list mjög vel á mig í þessu starfi og ætla að láta gott af mér leiða,“ sagði Halla.



Berglind Bjarnadóttir t.v. og Jóna Guðrún Vébjörnsdóttir

Mjög gott að bjóða sig fram til starfa fyrir Rauða krossinn

Eitt af úrræðinum sem er í boði og var til kynningar á virknipinginu, er það starf sem Rauði krossinn vinnur. Þær Berglind Bjarnadóttir og Jóna Guðrún Vébjörnsdóttir voru til svara á þinginu.

„Rauði krossinn sinnir ýmsum verkefnum fyrir samfélagið, eins og fatasöfnun, fjöldahjálparmiðstöð er rekin, það er teymi í kringum hælisleitendur og flóttafólk o.s.frv. Við Berglind erum í verkefni sem kallast Frú Ragnheiður en það snýst um að hitta neytendur sem eru í sprautufíkn, við látum þau fá hreinan búnað, föt og þess háttar og erum þeim auðvitað andlegur stuðningur í leiðinni. Það vantar alltaf fleiri sjálfbodaliða hjá Rauða krossinum, ekki síst í Frú Ragnheiður og þá helst heilbrigðis-

menntað starfsfólk,“ sagði Jóna Guðrún.

„Ég trúir því að fyrir einstakling sem er óvirkur eins og það kallast, að þá sé mjög gott að bjóða sig fram til starfa fyrir Rauða krossinn og þess vegna erum við hér í dag, að sýna okkur og sjá aðra. Manni líður vel að láta gott af sér leiða og það er hægt að finna hlutverk fyrir alla hjá Rauða krossinum. Við Jóna sem vinnum við Frú Ragnheiði hittum því miður fólk sem er ekki á sínum besta stað í lífinu en við vitum að við erum þessu fólki andlegur stuðningur og það veitir manni vellíðan.

Ég hvet alla sem hafa áhuga á að starfa fyrir Rauða krossinn að kíkja í heimsókn milli átta og fjögur alla virka daga í húsnæði Rauða krossins að Smiðjuvöllum 8,“ sagði Berglind að lokum.

Þrjár leiðir til að sækja um styrk í starfsmenntasjóði VR/LÍV



Veldu eina leið



Einstaklingar

Fyrirtæki

Sameiginlegur styrkur

Einstaklingur sækir um styrk

Fyrirtæki sækir um styrk

Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis

1. Umsókn

Sótt er um á Mínum síðum á vr.is. Félagsfólk annarra aðildarféлага LÍV sækir um hjá sínu stéttarfélagi.

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni þess sem sækir um og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn ef óljóst er hvers konar nám/námskeið sótt er um.

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning félaga að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er **90%** af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **180.000 kr.** og **540.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun. Veittur styrkur af tómsundanámskeiði er 50% að hámarki 40.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

Tómstundastyrkur hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Veittur ferðastyrkur vegna náms/starfstengdra námskeiða er 50% að hámarki 50.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

1. Umsókn

Sótt er um á attin.is

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni fyrirtækis og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn og listi starfsfólks sem sóttu námið/námskeiðið (nafn-kennitala-stéttarfélagsaðild).

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning fyrirtækis að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **390.000 kr.** fyrir hvern einstakling.

Hámarksstyrkur til fyrirtækja er **kr. 4 milljónir** á ári.

1. Kostnaður

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

2. Reikningur

Það skiptir ekki máli á hvoru nafni greiddur reikningur er, á nafni fyrirtækis eða félaga.

3. Umsókn

Félagi sækir um styrkinn á Mínum síðum á vr.is eða hjá sínu LÍV-félagi og gildir sú umsókn einnig vegna styrks fyrirtækisins og þarf því ekki að senda inn sér umsókn fyrir fyrirtækið.

Yfirlýsing frá fyrirtækinu verður að fylgja með umsókninni þar sem fram kemur að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun starfskraftsins.

4. Afgreiðsla

Við samþykkt umsóknar dregst styrk-upphæðin af rétti beggja. Miðað er við 50/50 en ef félagi á rétt á uppsöfnun þá er uppsöfnunin nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.

5. Útborgun

Styrkuppæð greiðist inn á reikning beggja.

6. Upphæð styrks

Samanlagður styrkur er 90% af námsgjaldi – **hámark 570.000 kr.** (180.000 kr. réttur félaga + 390.000 kr. réttur fyrirtækis) eða að hámarki **800.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun.





Þrjár flugur slegnar í sama höfuðið

„Mér mun ekki endast ævin að laga allar þær tóftir og grjóttveggi sem eru í Höfnum,“ segir Sveinn Enok Jóhannsson, Hafnabúi sem hefur fullan hug á því að gera umhverfið í kringum sig fallegra og lærði því að hlaða grjóti en mikið er um gamlar grjóthleðslur og tóftir í Höfnum og næsta nágrenni. Það telst venjulega gott þegar tvær flugur eru slegnar í sama högginu, Sveinn bætti í raun um betur og náði þremur, tók þátt í að halda námskeiðið, lærði listina og fékk auk þess fjölda manns til að hjálpa til við að gera garðinn sinn fallegra.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Svein hafði lengi dreymt um að læra þessa list og vill hvernig annars staðar búa í dag en í Höfnum.

„Ég er fæddur og upp alinn í Höfnum en flutti með foreldrum mínum í Njarðvík þegar ég var tólf ára gamall. Eftir nám í Reykjavík og hafa búið víðsvegar í heiminum, byrjaði ég að byggja í Höfnum árið 2019 og í dag vil ég hvergi annars staðar búa. Ég var búinn að ganga lengi með þann draum í maganum að læra grjóthleðslu því það eru grjóthlaðnar tóftir og veggir út um allt hér í Höfnum. Ég ætlaði mér í Skagafjörðinn á námskeið en eignaðist fjölskyldu svo þau áform voru sett í salt. Svo datt mér þetta í hug, fékk styrk frá HS Orku og fékk Kristínu Keldal, skrudgarðyrkju-meistarara, til að halda námskeið í grjóthleðslu hér á lóðinni við heimilið mitt. Það má segja að ég sé að ná að slá þrjár flugur í einu höggi, held námskeiðið með Kristínu, læri listina og fæ allar þessar aukahundur við að gera fallett í garðinum hjá mér. Það komust færri að en vildu svo það er greinilega

grundvöllur fyrir að halda svona námskeið, ég sé alveg fyrir mér að hægt sé að halda námskeið að vori og hausti og það jafnvel fleiri en eitt. Þau sem mættu þessar tvær helgar eru að gera allt milli þess að hlaða fallegan vegg í bústaðnum sínum, yfir í að laga gamlar tóftir við heimilið sitt. Mér mun ekki endast ævin að laga allar þær tóftir og veggir sem eru hér í Höfnum en talið er að byggð hefjist hér við landnám svo það er auðvitað mjög spennandi að vera handleika sama grjót og forfeður okkar voru hugsanlega að reisa húsin sín með á landnámsöld.“

Smáhýsi og fjögur ný einbýlishús

Sveinn er ekki við eina fjöl felldur, hann er með tvö önnur metnaðarfull verkefni í gangi í Höfnum.

„Ég er búinn að sækja um leyfi til að reisa tíu smáhýsi í landi Hvamms, sem er jörð í Höfnum. Ég sé þetta fyrir mér fyrir erlenda og innlenda ferðamenn og án þess að ég sé að reyna koma Höfnum á kortið þá vil ég að staðurinn geti verið viðkomustaður ferðamanna en það er engin gisting í boði í dag fyrir ferðamenn, það verður gistirými fyrir sex manns í hverju smáhýsi. Þetta mun verða mjög fallett



Sveinn er hluti af Þróunarfélagi Hafna, sem var að fá samþykkt að byggja fjögur 126 fm einbýlishús með þremur svefnherbergjum við Djúpavog í Höfnum.



„Ég var búinn að ganga lengi með þann draum í maganum að læra grjóthleðslu því það eru grjóthlaðnar tóftir og veggir út um allt hér í Höfnum. ...“

eru fyrstu nýbyggingarnar í mjög langan tíma. Ég hef á tilfinningunni að hlutirnir séu að breytast, hér áður fyrr flutti fólk í Hafnir því íbúðarverðið var svo lágt en fólk er að átta sig á fegurðinni við að búa á svona stað, með alla þessa náttúru í kring og rólegheit en alla þjónustu í nokkurra mínútna akstursfjarlægð. Það var frábært að alast hér upp á sínum tíma, frelsið var algert og ég gæti ekki hugsað mér að búa á öðrum stað en Höfnum í dag. Ég held að Hafnir muni stækka og dafna í nánustu framtíð,“ sagði Sveinn að lokum.



svæði, ég ætla að setja heita potta og gera þetta aðlaðandi og sé fyrir mér að hópar geti komið, eldað sér í gamla skólanum og félagsheimilinu sem er við hliðina. Þetta er mjög spennandi verkefni sem ég hlakka til að verði að veruleika.

Svo er ég hluti af Þróunarfélagi Hafna, sem var að fá samþykkt að byggja fjögur 126 fm einbýlishús með þremur svefnherbergjum á Djúpavoginum sem er gata í Höfnum. Ég vonast til að við getum sett þetta í sölu á þessu ári en hingað til hefur ekki verið mikið hægt að byggja í Höfnum því mest af landinu er fríðað. Það var búið að byggja grunn í Djúpavoginum í kringum 1980 en þær framkvæmdir hattu svo þessi fjögur hús sem við erum að fara byggja



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Um dauðans óvissan tíma

- Vel heppnaður tónlistarbræðingur í Sandgerðiskirkju

Haldnir voru einstakir tónleikar í Sandgerðiskirkju síðasta sunnudagskvöld þar sem verkið „Um dauðans óvissan tíma“ var leikið í flutningi orgels, kórs og djasshljómsveitar.

Verkið er sprottið út frá lagi Sólmundar Friðrikssonar við samnefnt ljóð Hallgríms Péturssonar, betur þekkt sem „Allt eins og blómstrið eina“. Djasspíanóleikarinn Agnar Mór Magnússon og Arnór Vilbergsson, organisti Keflavíkurkirkju, fléttuðu saman útsetningum við ljóðið eftir lagi Sólmundar og úr varð áhugaverður bræðingur djass- og klassískrar tónlistar. Húsfyllir var og kunnu gestir augljóslega vel að meta tónleikana.

Sólmundur Friðriksson sagðist himinlifandi með útkomuna og viðtökurnar í samtali við Víkurfréttir skömmu eftir tónleikana.

„Ég er í skýjunum og bjóst eiginlega ekki við þessu,“ sagði Sólmundur. „Þetta var jafnvel enn kraftmeira en ég hafði búist við.“

Sólmundur segir að þessi nálgun, að blanda saman klassískri tónlist og djassi, hafi náð að koma efninu til skila á kraftmikinn hátt, þvert á tónlistarstefnur og trúarbrögð. „Það voru einhverjir töfrar yfir



„
Dauðinn er það eina sem við öll getum verið fullviss um og í honum er ákveðin fegurð falin ...“

þessu öllu saman. Dauðinn er það eina sem við öll getum verið fullviss um og í honum er ákveðin fegurð falin.“

Sólmundur sá um söng og upplestur og þá söng djasssöngkonan Marína Ósk Þórólfsdóttir einnig einsöng. Aðrir flytjendur

voru Kór Keflavíkurkirkju, undir stjórn Arnórs, sem lék einnig á orgel, Agnar Mór sá um píanóleik og stýrði djasshljómsveit sem var skipuð þeim Birgi Steini Theodórsyni á kontrabassa, Hauki Gröndal á saxófón og klarinett, og Matthíasi Hemstock á trommum.

MENNING

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Arnór, Sólmundur og Agnar Mór voru ánægðir með útkomuna.



Gestir klöppuðu flytjendum lof í lófa. VF/JP

NOKIAN
TYRES

Kauptu Nokian gæðdekk fyrir veturinn!

Finndu réttu dekkinn fyrir bílinn þinn.

FINNDU
DEKKIN ÞÍN
Á **MAX1.IS**

Bókaðu dekkjaskiptin á nýju verkstæði MAX1 við Flugvelli 22 í Reykjanesbæ á max1.is.

MAX1
BÍLAVAKTIN

KEILAN ER EINS OG HJÓLBARÐI

„Mikið af stórum þorski,“ segir Jens Sigurðsson, vélstjóri á Sighvati GK 67

„Við vorum að landa á Djúpavogi eftir þrjá daga á veiðum, fullfermi af stórum og fallegum þorski en það er nóg af honum út um allan sjó. Verst að geta ekki veitt meira af honum en við förum alltaf í löngu og keilu á vorin og sumrin, það er ekki eins skemmtilegur veiðiskapur,“ segir Jens Sigurðsson, vélstjóri á Sighvati GK-57 sem er línuskip í eigu Vísis hf. í Grindavík.

Jens ólst upp í Grindavík og hafði búið þar alla sína hunds- og kattartíð en hefur komið sér fyrir á Selfossi í kjölfar hremminganna í Grindavík. Vélstjórinn er 65 ára og sér alveg fyrir sér að vinna lengur en lögbundinn ellilífeyrisaldur segir til um.

Þjóðviljinn í sex hús

Jens var rétt byrjaður að labba þegar hann var byrjaður að vinna fyrir sér í Grindavík, bar út Þjóðviljann í Grindavík og man að það voru sex heimili sem keyptu blaðið.

„Það voru allir byrjaðir að vinna ungr þegar ég var að alast upp. Í dag mega unglingar ekki vinna og loksins þegar þau mega byrja, þá er varla að þau nenni því. Ég byrjaði á að bera út blöð, var svo kominn í salthúsin eða frystihúsin og vann þar öll sumur. Ég ætlaði mér fyrst að verða smíður, var kominn á samning en hætti því um tvítugt og fór þá á sjóinn og hef verið þar síðan. Maður býr samt að smíðinni, ég get bjargað mér í ýmsu en ég fann að leggja starfið fyrir mig og fór í staðinn á sjóinn. Ég náði varla að prófa að vera háseti, ég var munstraður bæði sem annar stýrimaður og vélavörður án þess að hafa tiltekin leyfi, þetta var

öðruvísi á þessum tíma. Ég fór svo í vélskólanámið í kringum '85 en það var ekki einfalt, ég var búinn að stofna til fjölskyldu þá svo eigendur Fiskaness styrktu mig til námsins og ég launaði þeim með því að vinna hjá fyrirtækinu fram yfir sameiningu um aldamótin. Ég byrjaði með Guðjóni Einarssyni á Skarfi og fylgdi honum lengi vel, fór með honum yfir á Gaukinn og um tíma var ég með honum á Reyni GK, prófaði þá balalínu í fyrsta skipti. Það var ekki skemmtilegur veiðiskapur man ég, lögnin gat verið einstaklega leiðinleg. Eftir sameiningu Fiskaness við Þorbjörn og Valdimar í Vogum, fór ég á skipið Valdimar GK en það var síðan selt og þá fór ég á Hafbergið og eftir að það var selt gafst ég upp og fór yfir til Vísis á Sighvati og hef verið hjá því fyrirtæki allar götur síðan, alltaf á Sighvati en nýtt skip kom árið 2018.“

Fjórtni á áhöfn - einn vélstjóri

Þar til fyrir nokkrum árum var vélavörður í áhöfn Sighvats en í dag sér Jens um allt sem viðkemur véla-málum.

„Ég reyni að halda átta tíma vöktum en ef eitthvað kemur upp á er ég ræstur, það er engin miskunn gefin í þeim efnum. Það koma tær en svo getur maður lagt sig þegar það er röglegra en yfir höfuð gengur þetta kerfi vel upp, annars

vörum við búnir að breyta þessu. Vélstjórinn hefur alltaf næg verkefni. Það þarf að sinna reglubundnu viðhaldi og ef það er samviskusamlega og vel unnið þá eru minni líkur á bilunum. Svo kemur alltaf eitthvað upp sem vélstjórinn þarf að laga og þá fer maður í það en það er svo athyglisvert, bilanir koma oft allar á svipuðum tíma. Þess inn á milli er síðan rólegt og þá getur maður slakað sér en vélstjórinn getur alltaf fundið sér verkefni.

Við erum nýbyrjaðir á nýju kvótaári og höfum legið í þorski til þessa, það er óvenju mikið af honum og ég held að sá guli sé líka stærri, það er mikið um 5 kg. og þaðan af stærri fisk. Við fylltum á þremur dögum en hvert úthald er tvær vikur. Það eru alltaf áhafnarskipti annan hvern miðvikudag og ef fiskerí er mikið þá er landað oft og alltaf verið í landi á tilteknum miðvikudegi þegar áhafnarskipti eiga sér stað.

Þetta er skemmtilegasti tíminn, það er ekki eins gaman að vera í löngu og keilu á vorin og sumrin, keilan er sérstaklega leiðinleg, að gera að henni er eins og skera á hjólbarda. Það er ekki bara eitt við keiluna, það er allt, meiri og leiðinlegri vinna og launin líka lægri,“ segir Jens.



Jens Sigurðsson, vélstjóri á Sighvati GK-57

Ungur langafi á Selfossi

Jens og fjölskylda voru búin að flytja nokkrum sinnum síðan 10. nóvember í fyrra og hafa komið sér fyrir á Selfossi. Hann á ekki von á að flytja í brád en á von á að gangast í nýtt hlutverk á næstunni.

„Eftir alla þessa flutninga þá ætla ég mér ekki að flytja í brád, konan ákvað að við myndum setjast að á Selfossi og ég fylgdi bara með. Hún er smeyk við að búa í Grindavík og ég er ekki viss hvort við munum flytja þangað aftur, ég er nú orðinn 65 ára gamall. Selfoss er bær á mikilli uppleið, það er nánast sprottið upp nýtt hús þegar ég kem heim á tveggja vikna fresti, ný miðbærinn er mjög flottur og ég held að okkur muni líða vel hér.“

Ég er ungr í anda, ég held ég muni ekki hætta að vinna eftir tvö ár þegar ég verð orðinn 67 ára gamall. Ég er við hestaheilsu og alger óþarfi að hætta að vinna ef maður er full frískur. Mér finnst skrytinn tilhugsun að ég verð langafi

„Eftir alla þessa flutninga þá ætla ég mér ekki að flytja í brád, konan ákvað að við myndum setjast að á Selfossi og ég fylgdi bara með. Hún er smeyk við að búa í Grindavík og ég er ekki viss hvort við munum flytja þangað aftur...“

á næstunni, mér finnst ég vera of ungr til að geta titlað mig langafa en þetta verður bara skemmtilegt hlutverk að takast á við, ég tek komandi árum með bros á vör,“ sagði Jens að lokum.

SJÓMANNSLÍF

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Átt þú pantað pláss fyrir kosningar?

- ✗ Fimm blöð Víkurfrétta fram að alþingiskosningum
- ✗ Fjölbreyttir möguleikar á vf.is og kylfingur.is
- ✗ Suðurnesjamagasín vikulega í Sjónvarpi Víkurfrétta

Bókið auglýsingapláss tímanlega hjá andrea@vf.is





Fjör í Friðheimum

FRÍÐHEIMAR Í HÁALEITISSKÓLA, sem er móttökudeild fyrir nemendur í leit að alþjóðlegri vernd, átti eins árs afmæli í síðustu viku. Nemendur hafa verið hrifnir af laginu hans Steinda Jr., The Hardest Karaoke song in the world, og sungið það reglulega í vetur. Því var því mikil gleði þegar Steindi mætti á svæðið og söng með þeim lagið ásamt því að hlusta á nemendur syngja fyrir hann tvö önnur lög. Allir nemendur fóru mjög svo sáttir í helgarfrí eftir eftirminnlegan dag.



Alla leið á öruggari dekkjum

Minnsta mál að bóka tíma í N1 appinu



Kóði til að sækja appið



Cooper Discoverer Snow Claw
Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður. Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst við lágt hitastig. Afburðagott grip, neglanlegt. SWR og 3PMS merking.



Cooper Weather-Master WSC
Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður. Mikilð skorið og stefnuvirkt mynstur fyrir jeppa og jepplinga. Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar.



Cooper Discoverer Winter
Míkróskorin óneglanleg vetrardekk. Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalegd. Mjúk í akstri með góða vatnslosun.

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433



Eitt tæknilegasta skip landsins

■ Útgerðarstjórinn er spenntur yfir framtíð þessa nýja skips



VF/Eva Björk

Ísfisktogarinn Hulda Björnsdóttir GK 11 sem útgerðarfélagið Þorbjörn í Grindavík lét smíða fyrir sig á Spáni, renndi í höfn í Grindavík í síðustu viku og af því tilefni efndi Þorbjörn til móttöku miðvikudaginn 16. október. Fjölmargir Grindavíkingar og aðrir gestir létu sig ekki vanta, skoðuðu skipið, gæddu sér að alvöru fish & chips að hætti Issa og hlustuðu á lifandi tónlist.

Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar, fór yfir ferlið.

„Það hefði lengi blundað í okkur að fara í nýsmíði á skipi en við höfum verið duglegir við að nýta eldri skip að undanförunu, lengdum t.d. Hrafn Sveinbjarnarson. Línu-skipunum okkar hefur verið að fækka og við urðum að fá eitthvað í staðinn og tókum ákvörðun þegar COVID var í toppi og Úkraínu-stríðið var að byrja. Sem betur fer gátum við samið um verð á stáli í skipið því verðið hækkaði mikið í kjölfar stríðsins. Við vorum með þeim síðustu sem náðum að semja um gamla verðið á stáli, áður en stríðið byrjaði.“

Breytingar eru yfirvofandi á eignarhaldi Þorbjarnar.

„Við erum að skipta Þorbirni upp í þrjú sjálfstæð fyrirtæki sem hvert um sig mun sjá um útgerð eins skips. Míni synir munu taka við Hrafn Sveinbjarnarsyni, synir Eiríks heitins bróður munu stýra málum á Tómasi Þorvaldssyni og

Gerða Sigga systir og hennar fjölskylda munu að öllum líkindum stýra málum á þessu nýja skipi, Huldu Björnsdóttur. Við byrjum alla vega svoleiðis og munum leggja ísfisktogaranum Sturlu á meðan. Þetta mun ekki hafa nein áhrif á Grindavík, það verða einfaldlega þrjú fyrirtæki í stað eins, við eigum ættir okkar að rekja til Grindavíkur langt aftur í aldir og það er ekkert að fara breytast. Við vorum búnir að hætta allri landvinnslu og treystum okkur ekki til að hefja hana aftur á meðan þetta ástand ríkir en þegar ástandið lagast munum við skoða að hefja aftur vinnslu í landi,“ sagði Gunnar.

Hulda Björnsdóttir GK er glæsilegt og tæknivætt skip

Útgerðarstjóri Huldu Björnsdóttur er Hrannar Jón Emilsson, hann rólta með okkur um skipið og fræddi okkur um kosti þess en það mun brátt halda á veiðar.

„Við fórum á fullt árið 2021 að þarfagreina hvernig skip við



Hrannar Jón Emilsson, útgerðarstjóri.



Gunnar Tómasson, forstjóri Þorbjarnar.

vildum, það var minna í upphafi en stækkaði á þróunartímanum og hönnun var klár í árslok 2021. Það var Sævar Birgisson hjá Skipasýn sem hannaði skipið sem er 58 metrar að lengd og 13,6 metrar að breidd. Það mun geta borið 700 kör sem hvert tekur 300 kíló, eða samtals 210 tonn sem er meira en þrefalt meira en Sturla ber og ég á ekki von á við munum keyra á 700 körum, verðum með 570 kör í lestinni til að byrja með.“

Skipið er mjög vel tæknilega búið og minnir brú skipsins meira á sjónvarpsupptökuver.

„Það var mikið lagt í alla hönnun á skipinu og allur aðbúnaður er fyrsta flokks. Valur Pétursson, skipstjóri sem sigldi skipinu frá Spáni til Íslands lét mjög vel að öllu og mun að öllum líkindum taka fyrstu túrana á meðan við erum að læra á skipið. Valur er skipstjóri á Hrafn Sveinbjarnar en við fengum hann í þetta verkefni, að fylgja skipinu eftir síðustu metrana í smíðuferlinu, sigla því heim og vonandi mun hann taka fyrstu prufutúrana.“

Skipið er hannað með sparneytni í huga og m.v. siglinguna heim er greinilegt að mjög vel tókst til.

Þegar skipið var á 11,5 mílum var eyðslan á klukkustund 340 lítrar en sambærileg eyðsla á Tómasi Þorvalds er 520 lítrar, á sólarhring munar þetta heilum fjögur þúsund lítrum. Í krónum og aukum skiptir það auðvitað máli en skipið mengar þá í leiðinni miklu minna. Skipið uppfyllir kröfur varðandi mengunarstaðla í heiminum en við munum reyna að keyra vélina ekki á hámarks afkastagetu, sem er 800 snúningar á mínútu. Á þannig keyrslu snýst skráfan 78 hringi en það á ekki að þurfa keyra skipið þannig. Hýfingarpúltið, þ.e. stýringin á því þegar trollið er hið inn, er fyrsta flokks en sem betur fer þurftum við ekkert að finna upp hjólið í þeim efnun, gátum stuðst við bestu hönnunina,“ segir Hrannar.

Vinnsludekkið og lestin

„Ég segi nú kannski ekki að það þurfi ekki mannhöndina en það er búið að gera alla vinnuna miklu auðveldari en áður tíðkaðist. Fiskurinn er í sjó alveg fram að blóðgun, þannig helst líf í honum og hann blóðgaður við bestu skilyrði. Svo er hann í blóðgunarbaði í tuttugu mínútur og klárar þannig blæðinguna, fer svo þaðan í slægingu. Eftir slægingu fer fiskurinn í myndgreiningu þar sem hann er tegundagreindur og þyngd áætluð. Eftir það fer hann í sitt hólf og fer í gegnum aðra vigt sem staðfestir fyrri vigtun auk þess sem fiskurinn er lengdarmældur. Að lokum er fisknum safnað saman í hólf sem tekur 300 kíló, þar er hann kældur niður í eina gráðu, stærri fiskur þarf lengri kælingu en þegar einni gráðu er náð, fer fiskurinn svo niður í lest.“

Lestin er mjög tæknileg, kör koma upp, fyllast af fiski, hann er ísaður og körin fara svo niður og þar er lyftari í loftinu sem hægt er að stjórna úr matsalunum þess vegna því það er myndavélakerfi, þar fer nettur tedris-leikur í gang hjá þeim sem raðar körunum í lestina. Þetta er mjög spennandi og verður gaman að gera skipið út, það heldur brátt í sinn fyrsta túr og auðvitað mun taka smá tíma fyrir menn að átta sig á öllum tæknilegum atriðum í skipinu, það er alltaf þannig. Ég er mjög spenntur yfir framtíð þessa nýja skips,“ sagði Hrannar að lokum.



Það þurfti ekki að finna upp hjólið þegar hýfingarpúltið var hannað.



Brúin líkast sjónvarpsupptökuveri.



Ekki mun væsa um áhafnar meðlimi í borðsalnum.



Vinnsludekkið er líklega það tæknilegasta í íslenska skipaflotanum í dag.





Ráðhús Suðurnesjabæjar við Sunnubraut 4 í Garði. VF/Hilmar Bragi

Verður stjórnarsýslan sameinuð á einum stað í Suðurnesjabæ?

Á upplýsingasíðu til bæjarbúa vegna kosninga um sameiningu Garðs og Sandgerðis mátti meðal annars lesa eftirfarandi: „Samkvæmt skýrslu KPMG er gert ráð fyrir að ef sveitarfélögin verða sameinuð verði núverandi bæjarskrifstofur sveitarfélögunna nýttar fyrir stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags. Á báðum stöðum verði afgreiðslur til að veita þeim íbúum þjónustu sem þurfa að sækja hana á bæjarskrifstofu. Þá verður stjórnarsýslunni skipt á skrifstofurnar á hvorum stað í samræmi við þjónustuflokkka og uppskiptingu teyma.“

Þegar sveitarfélögin Garður og Sandgerði voru sameinuð árið 2018, var ljóst að starfsemi og stjórnarsýsla bæjarins mundi eftir atvikum verða staðsett í sitt hvorum eða báðum byggðakjörnum. Þannig var ákveðið að bæjarskrifstofa með stjórnarsýslu ásamt skipulags- og umhverfissviði o.fl. yrði í Garði, en velferðarsvið ásamt mennta- og tómstundasviði yrði í Sandgerði. Af eðlilegum ástæðum er starfsemi menntastofnanna og sum önnur starfsemi til staðar í báðum byggðakjörnum.

En allt er auðvitað breytingum háð.

Í viðtali við Magnús bæjarstjóra í Víkurfréttum í júlí 2023 var meðal annars eftirfarandi haft eftir honum:

„Við erum núna að vinna í því að koma allri stjórnarsýslunni undir eitt þak, hvort sem það verður í Garði eða Sandgerði, það liggur ekki alveg fyrir. Sú vinna er í gangi núna. Það er mikilvægt að stjórnarsýslan sé saman og margt sem spilar þar inn í.“

Magnús segir að það þurfi að láta hagkvæmnina ráða þegar kemur að húsnaðismálum fyrir ráðhús. Suðurnesjabæjar á húsnaði, gömlu bæjarskrifstofurnar í Vörðunni í Sandgerði, en á sama tíma bundið af leigusamningi á húsnaði bæjarskrifstofunnar í Garði til margra ára. Þar eru góðir stækkunarmöguleikar á sömu hæð. Það væri því auðveldara að koma húsnaðinu í Sandgerði í verð eða hafa af því tekjur. Þetta eru mál sem eru til skoðunar um þessar mundir og



Svar frá bænum var eftirfarandi:

Það er að mjög mörgu leyti til hagsbóta og hagræðingar fyrir stjórnarsýslu bæjarins að hún sé öll staðsett á sama stað. Þess vegna hefur undanfarin ár verið hugað að því að svo verði. Samhliða hefur verið fjallað um það hvernig nýta megi sem best húsnaði sem kemur til með að losna við þá breytingu. Niðurstöður liggja ekki endanlega fyrir, en unnið er að því að fá niðurstöðu sem fyrst. Húsnaðið að Sunnubraut 4 í Garði er rekið af fasteignafélagi í eigu Suðurnesjabæjar, Landsbankans og Kaupfélags Suðurnesja. Við stofnun félagsins tóku eigendur á sig skuldbindingu um leigugreiðslur til félagsins til að standa undir rekstri og afborgunum langtímaláns. Bærinn er því eigandi að þriðjungi í félaginu og greiðir leigu af húsnaði ráðhússins. Húsnaðið í Vörðunni er í eigu Fasteignafélags Sandgerðis sem er í eigu Suðurnesjabæjar. Hvað varðar kostnað og hagkvæmni, þá hafa þeir þættir verið skoðaðir út frá ýmsum hliðum, bæði varðandi breytingar eða frágang húsnaðis og einnig út frá mismunandi nýtingu húsnaðis á báðum stöðum.

Skiptir máli hvar stjórnarsýsla bæjarins verður staðsett?

Svar bæjarins gefur til kynna að málið sé skammt á veg komið. Ég get að vissu leyti tekið undir það sjónarmið að hagkvæmari og þægilegra sé að stjórnarsýslan verði á einum stað. Hvort að staðsetning bæjarskrifstofu og allrar stjórnarsýslunnar verði í Garði eða Sandgerði til framtíðar skiptir kannski ekki öllu máli, en vonandi tekst bæjarstjórn að komast að bestu og hagkvæmstu lausninni eins og gerðist varðandi staðsetningu gervigrasvallarinnar.

Bestu kveðjur,
Jón Norðfjörð.

loaognnonni@gmail.com



Ráðhús Suðurnesjabæjar, Varðan, í Sandgerði. VF/Hilmar Bragi

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Lárus Einar Ólafsson

Aldur: 15

Bekkur og skóli: 10. bekkur Sandgerðisskóli

Áhugamál: Fótbolti og bílar



Ætlar að verða sjómaður

Lárus Einar Ólafsson er fimmtán ára nemandi Sandgerðisskóla sem er mikill áhugamaður um fótbolta og myndi taka sjónvarp með sér á eyðieyju til að horfa á boltann. Lárus er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Íþróttir.

horfa á fótbolta, mat svo ég get borðað og bát til að komast í burtu.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Gísli í körfunni.

Hver er þinn helsti kostur? Þolinmóður.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Þegar Guðbjörg datt á fyrsta deginum með okkur.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Gæti lyft öllu.

Hver er fyndnastur í skólanum? Nökkvi.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Þegar þau kunna að elda góðan mat.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Bambi með Aron Can.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Verða sjómaður.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Hamborgari á Jolla.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Fótbolta.

Hver er uppáhaldsbímyndin þín? Cars.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Sjónvarp til að

Ef þú ættir að lýsa sjálfum/sjálfr þér í einu orði hvaða orð væri það? Snillingur.

NÝBURAR

Drengur fæddur 20. október 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 3.070 grömm. Lengd: 49 sentimetrar. Foreldrar: Albine Sopi og Nderim Sopi. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmóðir: Katrín Helga Steinþórsdóttir.



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Drekadalur - Deildarstjórur

Drekadalur - Kennarar

Önnur störf

Hæfingastöðin - Matráður

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



JAFNFRAMTÖTTUN
2023 - 2026



AGF
AZERBAIJAN GYMNASTICS
FEDERATION

Evrópumeistarar kvenna í hópfimleikum,
Laufey er önnur frá vinstri í fremri röð.
Myndir: Agnes Suto (fimleikasamband.is)

Frábær árangur Íslands á EM í hópfimleikum

Þrjár fimleikastjórnur frá Suðurnesjum í verðlaunasætum

Fimleikalandslið Íslands stóðu sig frábærlega á Evrópumótinu í hópfimleikum sem lauk í Baku í Azerbaísjan 19. október síðastliðinn. Þrír keppendur koma úr hópi Suðurnesjamanna; Laufey Ingadóttir keppti með kvennalandslíðinu, Helen María Margeirsdóttur með blönduðu landsliði unglunga og Margrét Júlía Jóhannsdóttir með stúlknalandslíði Íslands.

Laufey og félagar hennar í kvennalandslíðinu náðu þeim magnaða árangri að verða Evrópumeistarar og þar að auki náði Laufey þeim frábæra árangri að komast í úrvalslið mótsins fyrir æfingar sínar á trampólíni en þetta var fyrsta Evrópumót Laufeyjar í A-landsliðinu. Laufey var áður í fimleikadeild Keflavíkur en keppir nú og æfir með Stjórnunni í Garðabæ.

Unglingalandsliðin stóðu sig einnig frábærlega, Helen María og blandaða liðið gerðu sér lítið fyrir og urðu Evrópumeistarar og Margrét Júlía fékk brons með stúlknaliðinu. Þær Helen María og Margrét Júlía eru báðar sautján ára gamlar og hafa æft saman fimleika frá því að þær voru fimm ára í fimleikadeild Keflavíkur. Þær eru báðar þjálfarar í fimleikadeild Keflavíkur en undanfarin tvö ár hafa þær hins vegar æft með




Helen María varð Evrópumeistari með blönduðu liði U18.

Gerplu í Kópavogi þar sem ekki er boðið upp á æfingar í hópfimleikum fyrir þeirra aldurs- og getustig í Keflavík.

ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Margrét Júlía var í bronslíði stúlkna.



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2025

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsóknna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is (undir Sjóðir & nefndir).

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álitna við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á <https://reykjavik.is/husverndarstofa>).



Minjastofnun
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 5701300 (beinn sími húsafríðunarsjóðs er 5701307)
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Fyrirhafnalitlir bikarsigrar

Suðurnesjaliðin örugglega áfram í sextán liða úrslit VÍS-bikars karla

Suðurnesjaliðin þrjú, Grindavík, Keflavík og Njarðvík, þurftu ekki að hafa mikið fyrir hlutunum í 32ja liða úrslitum VÍS-bikars karla í körfuknattleik. Á sunnudag lögðu Grindvíkingar lið KR-b 69:93 og Njarðvíkingar unnu Ármenninga 84:116, Keflvíkingar héldu til Hveragerðis á mánudag og unnu þar lið Hamars 85:101.

Dregið verður um hvaða lið mætast í sextán liða úrslitum karla og kvenna á miðvikudag.



Blue-höllin var þétt setin þegar nágrennaliðin Keflavík og Njarðvík mættust í Bónusdeild karla síðastliðið föstudagskvöld. Stemmningin á pöllunum var mögnuð og áhorfendur vel með á nótunum. Heimamenn höfðu undirtökin framan af en í fjórða leikhluata sigu gestirnir fram úr og höfðu að lokum eins stígs sigur.

VF/JPk



Fjöldi verðlauna til Suðurnesjafólks á sterku júdomóti



Haustrót Júdósambands Íslands fór fram síðustu helgi í Akurskóla. Venjulega heldur Ungmennafélag Grindavíkur mótið í Grindavík en vegna aðstæðna er það ekki hægt. Júdoeild UMFG er í samstarfi við Júdofélag Reykjanesbæjar svo iðkendur sem bjuggu í Grindavík geti haldið áfram að iðka sýna grein og keppa fyrir sitt merki. Iðkendur í báðum félögum æfa í Júdofélagi Reykjanesbæjar undir leiðsögn sama hjálfara en gefst kostur á að keppa fyrir sitt félag.

Í félaginu eru topphjálparar. Yfirhjálpari er Dr. George Bountakis, 6. dan, sem hefur margra ára reynslu í júdo og hefur hjálfað helsta afreksfólki í heiminum.

Félagið býður upp á æfingar fyrir iðkendur frá þriggja ára aldri og er til húsa að Smiðjuvöllum 5.

Júdofélag Reykjanesbæjar og júdoeild UMFG unnu til fjölda verðlauna á Haustróti JSÍ (fimm gull, átta silfur og fjögur brons). Haustrótsmeistarar frá félagunum voru þau Arnar Páll Harðarson, Pamela Rós

Ómarsdóttir, Arnar Einarsson, Ari Einarsson og Krista Líf Sigurðardóttir. Meðfylgjandi ljósmyndir eru af keppendum JRB og UMFG.



1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“

Markahrókar úr Keflavík og Grindavík mætast í fyrstu umferð

Hámundur Örn Helgason, sigurvegari í tipleik Víkurfrétta á síðasta tímabili, kann augljóslega ekki að þakka fyrir sig. Hann mætti styrktaraðila leiksins, Sigurði Óla Þórleifssyni, eiganda Njóttu ferða sem gefur miðann á bikarúrslitaleikinn í Englandi. Einnhver hefði haldið að Hámundur myndi leyfa Sigurði að vinna en svo fór aldeilis ekki, Hámundur vann eftir æsispennandi leik, 8-7.

Þar sem leikurinn um síðustu helgi var bara kynningarleikur heldur Hámundur ekki áfram en honum þökkvað þátttakan, sömuleiðis Sigga Óla.

Fyrstu keppendur tipleiks Víkurfrétta tímabilið 2024-2025 verða Grindvíkingurinn Leifur Guðjónsson, sem vinnur hjá Nesfiski í Garði, og Keflvíkingurinn Óli Þór Magnússon.

Leifur er virkur tippari en hann er í tippþópi innan Nesfisks en hefur til þessa ekki riðið feittum hesti.

„Mér gekk afleiðlega í fyrra, endaði neðstur. Ég fór í mikla naflaskoðun í sumar og hef komið geysisterkur til leiks á þessu tímabili og er ekki langt frá toppnum. Ég tók t.d. Ævar Jónasson, sem keppti í fyrra í tipleik Víkurfrétta, og rúllaði honum hreinlega upp. Þar sem ég er búinn að vera sjóðandi heitur í tipleikum okkar í Nesfiski mæti ég fullur sjálfstrausts í Víkurfréttaleikinn. Ég man vel eftir Óla Þór sem öflugum framherja í Keflavíkurliðinu en hvort hann getur eitthvað tippað er svo annað mál. Ég hræðist hann alla vega ekki og ætla mér ekkert annað en sigur í þessum leik og reyni svo auðvitað að halda mér á stali sem lengst. Ég ætla mér að vera einn af fjórum tippurum í lokin og keppa um að komast á Wembley, það yrði gaman að mæta þangað, tala nú ekki um ef mínir menn í Manchester United verða þriðja árið í röð í úrslitaleikum.“ sagði Leifur.

Óli Þór Magnússon er nafn sem keflvískir knattspyrnuáhugamenn kveikja á en hann lék með Keflavík fyrr á árum. Óli vildi glaður taka þátt tipleik Víkurfrétta.

„Ég tek þessari áskorun og stefni að sjálfsögðu á sigur. Um tíma hélt ég með tveimur liðum í enska

bolthanum, Nottingham Forest og Chelsea, en Forestmenn voru öflugir þegar ég byrjaði að fylgja þeim í kringum 1980. Ég fylgdist samt á þessum árum alltaf meira með ítalska bolthanum og minn uppáhaldsleikmaður var Gianluca Vialli. Þegar hann gekk til liðs við Chelsea, sneri ég mér í raun alfarið að Chelsea. Það var ekki leiðinlegt að Eiður Smári skyldi taka við takkaskónum af Vialli en ég náði að sjá Vialli í leik með Chelsea-liðinu, það var eftirminnileg ferð,“ sagði markamaskinan Óli Þór.



Leifur	Séðill helgarinnar	Óli Þór
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Everton - Fulham	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Aston Villa - Bournemouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Brentford - Ipswich	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Brighton - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - Southampton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Burnley - Q.P.R.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Derby - Hull	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Plymouth - Preston	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Sheff.Utd. - Stoke	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Sunderland - Oxford Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Swansea - Millwall	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	W.B.A. - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Charlton - Wrexham	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>



Guðmundur Leo öruggur á HM Náði örugglega HM-lágmarkinu - Sundliðið frábært

Afar glæsilegur árangur náðist hjá sundfólki ÍRB á Cube-móti SH í sundi um helgina. Margar stórar bætingar og mörg flott sund hjá sundfólki ÍRB sem sló fjögur mótsmet á mótinu og er í fantaformi.

Hæst bar þó árangur Guðmundar Leo sem náði lágmarkum í 200 metra baksundi fyrir HM 25 í desember. Guðmundur Leo átti frábært sund, sigraði örugglega, náði HM-lágmarkinu, setti mótsmet og bætti sig verulega.

Þrjú sundmenn ÍRB slógu fjögur mótsmet; Fannar Snævar Hauksson í 100 metra fjórsundi, Eva Margrét Falsdóttir í 400 metra fjórsundi og Guðmundur Leo Rafnsson sem sló met í 100 metra og 200 metra baksundi.

Þau Eva Margrét og Fannar Snævar náðu lágmarkum á NM og syntu sig inn í A-landslið SSÍ ásamt Guðmundi Leo. Þá náði Denas Kazulis einnig lágmarkum fyrir unglingslandsliðið SSÍ.

Svæðisstöð ÍSÍ og UMFÍ opnar á Suðurnesjum

Í ágúst síðastliðnum tóku starfsmenn Svæðisstöðvar ÍSÍ og UMFÍ á Suðurnesjunum til starfa en stöðin er einn af átta svæðisstöðvum sem dreifðar eru um land allt.

Mennta- og barnamálaráðuneytið setti fram stefnumótun í íþróttamálum til ársins 2030 þar sem markmið voru meðal annars að efla starfsemi og skipulag íþróttahreyfingarinnar á landsvísi. ÍSÍ og UMFÍ skrifuðu svo undir samning við ráðuneytið í lok árs 2023 þar sem fjármagn var fengið til að setja á laggirnar átta svæðisstöðvar um land allt. Eitt af markmiðum svæðisstöðvanna er að styðja við íþróttahéruð landsins auk aðildarfélaga þeirra og stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi þar sem sérstök áhersla er lögð á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna af erlendum uppruna.

Íþróttastarf er eitt af grunnstöðum samfélagsins og hefur þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi jákvæð áhrif á líkamlega, félagslega og andlega heilsu einstaklinga og því mikilvægt að íþróttaiðkun sé aðgengileg öllum.

Síðastliðnar vikur hafa svæðisfulltrúar verið að kynna sig og sitt starf auk þess að kynna einstaklingum sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar og hjá sveitarfélögum á Suðurnesjunum.



Tvö störf á Suðurnesjum

Í Suðurnesjateyminu starfa saman þau Petra Ruth Rúnarsdóttir og Sigurður Friðrik Gunnarsson. Þau eru með skrifstofu á Ásbrú að Skógarbraut 945. Netföngin þeirra eru petra@siu.is og sigurdur@siu.is og eru þeir sem eru áhugasamir um íþróttastarf hvattir til að hafa samband við svæðisfulltrúana sem aðstoða eða leiðbeina um allt er varðar íþróttastarf.

Komdu á Víkingaheima jólamarkaðinn og upplifðu töfra jólanna!

ÓKEYPIS AÐGANGUR fyrstu tveir helgarnar í desember!

Laugardaga og sunnudaga 30. nóvember & 1. desember og 7. & 8. desember.

Á jólamarkaðnum getur þú keypt fallega hönnun og handverk. Fullkomið tækifæri til að finna einstaka jólagjöfr og smakka á heitgerðum góðgæti! Kaffihúsið verður opið með piparkökum og jólagluggi.

Viltu taka þátt sem söluaðili? Sendu línu á bjorg@vikingworld.is til að fá frekari upplýsingar og tryggja þér pláss.

Kíktu í jólaskapíð hjá Víkingaheima jólamarkaðinum - við hlökkum til að sjá þig!

Víkingaheimar
Víkingsbraut 1,
260 Reykjanesbær
S. 122 2000

LEIGA MEÐ KAUPRÉTTI Í BOÐI

Láttu 12 mánaða
leigu ganga
upp í kaupverð

Aðeins tvær íbúðir
eftir á þessum
kjörum

NÝTT!



NÝJAR ÍBÚÐIR

VANDAÐAR EIGNIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í VOGUM

GRÆNABORG OG HRAFNBORG. VANDAÐAR OG UMHVERFISVÆNAR ÍBÚÐIR Í FJÖLSKYLDUVÆNU UMHVERFI

Nýjar þriggja til fjögurra herbergja íbúðir í Vogum. Stórar svalir sem bjóða upp á mikið útsýni. Loftræsting í öllum herbergjum, bæði inn og útblástur. Tenging fyrir rafhleðslustöð í bílastæði fylgir hverri íbúð.

Í Hrafnaborgum 5 eru minni íbúðir sem henta vel fyrstu kaupendum. Afar hagstæð verð fyrir glæsiíbúðir.

Verð frá kr. 58.000.000 // Leiga með kauprétti í boði

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR




Arinbjörn

Löggiltur fasteignasali

822 8574

arinbjorn@fastlind.is

BÓKIÐ EINKASKOÐUN - SÝNUM SAMDÆGURS



Mundi

Við áttum greinilega ekki nógu
fræga þingmenn!

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

Þetta er undir okkur komið

Símanotkun getur verið stóralvarlegt mál. Símanotkun á miðjum nóttum er oftast enn alvarlegri. Það hefur sagan sýnt okkur. Ráðherra sem mátti ekki hringja í ríkislögreglustjóra hringdi samt í hann um miðja nótt og allt varð vitlaust. Raðmóðgunarferli hófst innan ríkisstjórnarinnar og menn og konur yfirmóðguðu hvert annað. Þetta endaði með því að stjórn sem okkur hafði verið talin trú um að stæði sterkt steinlá út af einu símtali. Þing var rofið og boðað til kosninga. Það ætlar að reynast okkur Suðurnesjómönnum dýrt sé litíð til áhrifa okkar í þinginu.

Það er ljóst að Suðurnesin eru langfjölmennsta byggðasvæði Suðurlandsdæmis og miklar áskoranir sem bíða okkar næstu árin. Við þurfum að hafa þingmenn sem hafa áhrif og njóta trausts. Því miður þá virðast fréttir helgarinnar benda í þá átt að velflestir stjórnmálaflokkarnir hafi ákveðið að snúa við okkur baki. Hugsu meira um frægu nöfnin þegar kemur að vali á lista en hagsmunir heildarinnar – og þá sérstaklega hér á Suðurnesjum.

Framsókn fór leið Don Kíkóta og leggur til atlögu við vindmyllurnar, í viðleitni sinni til að halda formanni sínum inni á þingi. Suðurnesjamaður er settur til málamynda í þriðja sæti, þó ljóst sé að samkvæmt skoðanakönnunum eigi sá litla möguleika á þingsetu að loknum kosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn valdi að henda tveimur núverandi þingmönnum af Suðurnesjunum út af lista sínum. Það var þeirra lýðræðislegi vilji að hafa þetta svona. Skilaboðin skýr, því færri Suðurnesjamennt, því betra.

Samfylkingin, sem átt hefur Suðurnesjamann í oddvitasæti um áraraðir, taldi rétt í kjölfar brottfarar oddvita síns að nú væri aftur rétt að við hlýddum Víði. Samt er ekki um neitt almannavarnarástand að ræða þar sem tala þarf í boðhætti, heldur bara venjulegar kosningar sem fram fara með reglulegu millibili.

Svo virðist vera sem aðeins tveir flokkar velji að stilla upp oddvitum héðan af Suðurnesjum. Vinstri græn, sem aldrei hafa náð inn manni í Suðurlandsdæmi og ólíklegt að það gerist nú. Hinn flokkurinn er Viðreisn þar sem Suðurnesjamaðurinn Guðbrandur Einarsson er oddviti og verður væntanlega áfram.

Það skiptir máli fyrir okkur Suðurnesjamann að við eigum sterkar raddir á þingi. Velflestir flokkarnir hafa nú skýrt sýn sína. Við þurfum ekki þingmenn af Suðurnesjum. Það eru döpur skilaboð. Við getum sent skilaboð til baka. Sé ekki Suðurnesjamaður í mögulegu þingsæti viðkomandi flokks kjósum við þá ekki. Þetta er undir okkur komið.